

ÁRSSKÝRSLA ÞJÓÐMINJASAFNS ÍSLANDS 2016

EFNISYFIRLIT

Contents

Formáli	4
Starfsemi Þjóðminjasafns Íslands	5
Hlutverk og stefna.....	5
Markmið og leiðarljós.....	5
Stjórnskipulag	5
Fjármál og rekstur.....	7
Svið fjármála og rekstrar.....	7
Ársuppgjör Þjóðminjasafns Íslands (01-311)	8
Starfsmannamál.....	10
Kjarnastarfsemi.....	13
Munasafn.....	13
Söfnun.....	14
Skráning	14
Útvistun og grisjun.....	14
Jarðfundnir forngripir	14
Þjónusta við fræðimenn	14
Forvarsla	15
Ljósmyndasafn Íslands.....	15
Söfnun.....	15
Vistun	16
Skráning	16
Húsasafn	16
Söfnun.....	17
Viðgerðir og forvarsla.....	17
Miðlunarsvið	18
Sýningar	18
Fræðsla	18
Leiðsögn.....	18
Safnfræðsla	18
Rannsóknir og þróun.....	19
Rannsóknastaða dr. Kristjáns Eldjárn	19
Úrvinnsla stórra rannsóknarverkefna.....	19
Skráning í menningarsögulega gagnagrunninn Sarp	20
Bóka- og heimildasafn	20

Samstarf við Háskóla Íslands - Háskólakennsla	20
Starfsnám háskólanema	20
Sýningar 2016	21
Bogasalur og Torg	21
Myndasalur og Veggur	21
Safnahúsið við Hverfisgötu	22
Nesstofa á Seltjarnarnesi	23
Viðburðir 2016	23
Fyrirlestrar 2016	25
Hádegisfyrirlestrar Þjóðminjasafns Íslands	25
Aðrir sérfræðifyrirlestrar Þjóðminjasafns	25
Útgáfa Þjóðminjasafnsins	26
Rit	26
Greinar	26
Gripur mánaðarins og ljósmynd mánaðarins	27
Ljósmynd mánaðarins	27
Skýrslur	28
English summary	30
Starfsfólk Þjóðminjasafns Íslands í árslok 2016	31

Formáli

Þjóðminjasafn Íslands starfar samkvæmt lögum um Þjóðminjasafn Íslands nr. 140/2011, safnalögum nr. 141/2011 og lögum um menningarminjar nr. 80/2012. Það er höfuðsafn á sviði menningarminja með tilheyrandi áskorunum um forystu á fagsviðinu. Hlutverk þess er að auka og miðla þekkingu á menningarminjum og sögu íslensku þjóðarinnar. Skilgreint hlutverk Þjóðminjasafns Íslands er að safnið starfi sem vísinda- og þjónustustofnun á sviði menningarminja á landsvísu, stuðli að varðveislu og þekkingu á menningararfi íslensku þjóðarinnar frá upphafi til samtíma og standi fyrir vandaðri miðlun um sögu og minjar lands og þjóðar með fjölbreyttu sýninga- og menningarstarfi.

Árið 2016 var árangursríkt og forgangsriðun í samræmi við samþykka ársáætlun. Á árinu tók gildi nýtt stjórnskipulag sem tók mið af nýjum aðstæðum eftir lagabreytingar árið 2013 og víðtækara hlutverks í kjölfar opunar Safnahúss 2015 og samstarfs við Háskóla Íslands. Samhliða hófst innleiðing stjórnskipulags og aðlögun að starfsemi. Á sviði varðveislu urðu mikilvæg þáttaskil í starfsemi þegar safnið tók við nýju fullbúnu húsnæði til varðveislu og rannsókna þjóðminja að Tjarnarvöllum 11 í Hafnarfirði. Á árinu náðust mikilsverðir áfangar í varðveislu og rannsóknum ljósmynda í vörslu Ljósmyndasafns Íslands í Þjóðminjasafni og sömuleiðis í viðgerðum hinna friðuðu bygginga húsasafns Þjóðminjasafns.

Fjölpættar rannsóknir á safnkosti skiluðu árangri á árinu sem birtist í sýningum og útgáfu á vegum safnsins. Með fjölbreyttum ljósmyndasýningum ársins voru gefnar út bækur í samræmi við útgáfustefnu safnsins. Á árinu kom út bókin *Ísland í heiminum, heimurinn í Íslandi* með samnefndri sýningu í Bogasal sem ætlað var að vekja til umhugsunar um þverþjóðleg tengsl og hreyfanleika fólks og hugmynda í gengum aldir. Verkefnið var til vitnis um árangur samstarfs Þjóðminjasafns og Háskóla Íslands. Þá kom út veglegt rit dr. Guðrúnar Sveinbjarnardóttur um rannsóknir á kirkjum í Reykholti í samstarfi við Snorrastofu. Þegar öld var liðin frá fæðingu dr. Kristjáns Eldjárns 6. desember kom út bók dr. Árna Daníels Júlíussonar *Miðaldir í skuggsjá Svarfaðardals* í sem var árangur rannsókna höfundar í rannsóknastöðu kenndri við Kristján. Þá kom út grunnrit safnsins *Þjóðminjar* sem gefin var út í samstarfi við Crymogeu sem einnig mun koma út í enskri útgáfu.

Árangur faglegs starfs Þjóðminjasafns birtist í fjölpættri miðlun. Fjölbreytt dagskrá var í safninu fyrir gesti og nemendur. Hátt í tuttugu sýningar voru opnaðar á árinu. Í myndasal var metnaðarfull dagskrá sem hófst með opnun sýninga samtímaljósmyndara á Ljósmyndahátíð Íslands í janúar. Á árinu var 100 ára afmæli Alþýðusambands Íslands fagnað með ljósmyndasýningu. Í Bogasal var opnuð sýningin *Ísland í heiminum, heimurinn í Íslandi*. Fjöldi gesta jókst verulega á árinu og viðtökur gesta voru góðar. Á árinu hlaut ný starfsemi og grunnsýning Safnahússins tilnefningu til hinna íslensku safnaverðlauna sem tilkynnt var á alþjóðadegi safna 18. maí.

6. desember 2017

Margrét Hallgrímsdóttir

Starfsemi Þjóðminjasafns Íslands

Hlutverk og stefna

Leiðarljós í starfi Þjóðminjasafns Íslands er að safnið starfi sem vísinda- og þjónustustofnun á sviði þjóðminjavörslu á landsvísu, stuðli að varðveislu og þekkingu á menningararfi íslensku þjóðarinnar frá upphafi til samtíma og standi fyrir vandaðri miðlun um sögu og minjar lands og þjóðar með fjölbreyttu sýningar- og menningarstarfi. Þjóðminjasafn spegli fortíð og samtíð í starfi sínu með virðingu fyrir fjölbreytileika menningar og samfélags á hverjum tíma.

Vönduð grunnsýning Þjóðminjasafns Íslands, *Þjóð verður til*, gerir grein fyrir menningarsögu þjóðarinnar frá landnámi til samtímans. Grunnsýning í Safnahúsinu við Hverfisgötu, *Sjónarhorn*, fjallar um hinn sjónræna menningararf. Sérsýningar, fræðsla og útgáfa styrkja frekar og breikka miðlun safnsins með jafnrétti, mannúð og fjölbreytileika að leiðarljósi.

Þjóðminjasafn Íslands leggur metnað í gott aðgengi að safninu og miðlun sem stuðlar að víðsýni og virðingu. Safnið leggur metnað í samvinnu og þjónustu við safngesti, fræðimenn, nemendur og stofnanir. Þannig stefnir Þjóðminjasafnið að því að hreyfa við fólki með starfsemi sinni og þar með axla sína ábyrgð í almennri umræðu með víðsýni að leiðarljósi.


Markmið og leiðarljós

- Að sinna forystuhlutverki Þjóðminjasafnsins sem höfuðsafns á sviði þjóðminjavörslu.
- Að auka árangur Þjóðminjasafns Íslands með markvissu fræðilegu, faglegu og listrænu starfi.
- Að stuðla að samvinnu innan sem utan safns.
- Að nýta fjárveitingar vel með forgangsröðun verkefna.
- Að vera vettvangur umræðu, rannsókna, sköpunar, menntunar, upplifunar og fræðslu.
- Að leggja metnað í aðgengi fyrir alla í víðum skilningi.

Stjórnskipulag

Yfirlýstur tilgangur með stjórnskipulagi Þjóðminjasafns Íslands er að endurspegla hlutverk safnsins samkvæmt lögum um Þjóðminjasafn, safnalögum, lögum um menningarminjar og reglugerð safnsins sem og að fylgja eftir markmiðum þess og framtíðarsýn, auka samvinnu og samræður, auðvelda verkefnaskipulag með aukinni áherslu á tímabundin verkefni og gera starfið markvisst. Mótun nýs stjórnskipulags fór fram árið 2015 í kjölfar undirbúnings frá árinu 2013 þegar ný lög tóku gildi um starfsemina. Samhliða var unnin starfsþróunaráætlun árið 2014 í kjölfar undirritunar nýs stofnanasamnings í árslok 2013. Á árinu fékk Þjóðminjasafnið það verkefni ásamt 17 völdum stofnunum að móta verklag um greiðslu viðbótarlauna sem byggir á skilgreindum árangri og viðmiðum. Fékk stofnunin sérstaka fjárveitingu til þess að innleiða slíkt frammistöðumat til greiðslu viðbótarlauna. Það var innleitt á árinu 2015 og höfðu fulltrúar starfsmanna aðkomu að mótun verklagsins. Nýtt stjórnskipulag tók gildi í árslok 2015. Með nýja stjórnskipulaginu var sviðum stofnunarinnar fjölgað úr þremur í sex í því skyni að breikka faglegt samráð um umsjáslu lögbundinna verkefna stofnunarinnar. Starfsmenn heyra til sviða sem sviðsstjóri stýrir í umboði

Þjóðminjavarðar. Sérfræðingar bera ábyrgð gagnvart sviðsstjóra á árangri skilgreindra verkefna hvers árs í samræmi við markmið ársins og samþykktu fjárhagsáætlun ársins.



Mynd 1: Skipurit Þjóðminjasafns Íslands mótað árið 2015 og öðlaðist gildi um áramót 2015/2016.

Fjármál og rekstur

Svið fjármála og rekstrar

Svo sem fram er komið var skipuriti stofnunarinnar breytt í ársbyrjun 2016. Í stað þriggja sviða áður eru nú sex svið og sinna fimm svið lögbundnum verkefnum safnsins í stað tveggja áður. Samhliða fjölgun sviða fluttist sýningargæsla og almenn þjónusta við safngesti, sem og rekstur safnbúða, til sviðs fjármála og reksturs (áður fjármála- og þjónustusvið). Við það stækkaði sviðið talsvert og tilheyrðu 63% starfsfólksins sviðinu í árslok 2016 (42 af alls 67 manns).

Húsnæðismál stofnunarinnar tóku miklum framförum á árinu. Í janúar var skrifað undir samning við Regin hf um leigu á 4.270 m² varðveisl- og rannsóknasetri á Tjarnarvöllum 11 í Hafnarfirði og fékk safnið húsnæðið afhent í ágúst (allt nema 300 m² á jarðhæð hússins en þar starfaði apótek áfram). Aðdragandi undirskriftar var allnokkur. Í desember 2013 óskaði fjármála- og efnahagsráðuneytið, að beiðni forsætisráðuneytisins, eftir því að Framkvæmdasýsla ríkisins (FSR) ynni frummat á þörf Þjóðminjasafns fyrir geymsluhúsnæði. Skýrslan var tilbúin í febrúar 2014 og voru niðurstöður hennar að safnið þyrfti 6.000 m² geymslur til framtíðar (þ.e. að lágmarki til næstu 20 ára) en ýmsar aðrar geymslur yrðu lagðar af í staðinn (Bygggarðar 7, Dugguvogur 12 og Vesturvör 14 auk Loftskeytastöðvar) og létt á geymslum í Vesturvör 16. Við tók vinna við gerð húslýsingar sem FSR stýrði og var skýrslan tilbúin í janúar 2015. Á grundvelli húslýsingar auglýsti FSR eftir húsnæði fyrir Þjóðminjasafn og leiddu niðurstöður tilboða í maí til vals á Tjarnarvöllum, alls 4.270 m² húsnæði byggðu 2008. Þá hófst hönnun í samræmi við húslýsingu og loks undirritun leigusamnings í janúar 2016. Af hálfu Þjóðminjasafns kom hópur sérfræðinga/sviðsstjóra að verkefninu frá upphafi en Guðmundur Lúther Hafsteinsson arkitekt og sviðsstjóri húsasafns var aðaltengiliður safnsins og sinnti út árið 2016 eftirfylgni og eftirliti með framkvæmdum við húsið.

Í tengslum við afhendingu á Tjarnarvöllum voru Bygggarðar 7 tæmdir síðla árs. Þar með var húsnæði stofnunarinnar í árslok 2016 alls 16.080 m² og eru starfsstöðvar nú fimm talsins í þrem sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu.

Ráðning fyrsta starfsmannastjóra Þjóðminjasafns Íslands á vormánuðum var tímabært skref í rekstri stofnunarinnar en alls þáði 101 einstaklingur laun hjá Þjóðminjasafni á árinu. Nánar má lesa um starfsmannamálin í sérkafla hér í ársskýrslunni.

Loks má nefna að stofnunin var skráð til þátttöku í Grænum skrefum í október í samræmi við aukna ábyrgð ríkisstofnana á umhverfismálum og markmið safnsins um að efla sjálfbærni í rekstri. Græn skref eru leið fyrir opinbera aðila til að vinna markvisst að umhverfismálum eftir skýrum gátlistum og fá árangur hvers skrefs staðfestan af Umhverfisstofnun.

Ársuppgjör Þjóðminjasafns Íslands (01-311)

Fjárheimild ársins 2016 skv. Oracle var kr. 755.487.808,- og skiptist þannig:

fjárlög 687,7 millj og 67,8 millj rekstraafgangur fyrri ára.

Fjárheimild 01-311 alls árið 2016:	755,5 millj.
<u>Útgjöld umfram sértekjur 2016:</u>	<u>730,8 millj.</u>
<u>Uppsafnaður rekstrarafgangur í árslok 2016:</u>	<u>24,7 millj.</u>

Útgjöld stofnunarinnar árið 2017 urðu alls 930,6 millj. og er stærsti hlutinn launakostnaður eða 47,6 %. Hækkun launakostnaðar um 13,0% millj milli ára skýrist af kjarasamningsbundnum launahækkunum 1. júní (6,5 % hjá SFR og 5,5% hjá BHM auk 1,65%) og fjölgun ársverka um 5,6 ársverk.

Skipuriti stofnunarinnar var breytt í ársbyrjun 2016 þegar sviðum var fjölgað úr þrem í sex, þar af sinna fimm svið lögbundnum verkefnum stofnunarinnar. Rekstur einstakra sviða (án launakostnaðar og án sértekna) skiptist þannig: Fjármála- og rekstrarsvið 267,2 millj, (152,1 m 2015) þar af rekstur húsnæðis 212,5 millj (116,6 m 2015); rannsókn- og þróunarsvið 59,5 millj, þar af 11,1 millj í fjarvinnslukaup og Sarpsleyfi stofnunarinnar (9,2 m 2015) og 42,7 millj geymsluframkvæmdir (57,4 m 2015); miðlunarsvið 61,4 millj, myndasafn 4,7 millj, munasafn 6,4 millj og húsasafn 82,9 millj (115,1 m 2015). Nánari grein er gerð fyrir verkefnum sviðanna annars staðar í skýrslunni.

Á árinu urðu miklar breytingar á fasteignarekstri stofnunarinnar og nam fastur kostnaður vegna reksturs bygginga stofnunarinnar á höfuðborgarsvæðinu 251,9 millj (laun umsjónarmanns og ræstítækna meðtalin) en var 143,2 millj 2015. Þar af eru 111,2 millj leiga (56,9 m 2015), 22,7 millj rafmagn og hiti (12,8m 2015) og 50,6 millj næturgæsla (42,2 m 2015).

Leigusamningur við Ríkiseignir um Safnahúsið tók gildi 1. janúar 2016 (20,8 millj allt árið) og leigugreiðslur til Regins hf vegna varðveislu- og rannsóknaseturs á Tjarnarvöllum (alls 4.270 m² húsnæði) hófust í ágúst 2016 (29,6 millj ág-des). Þjóðminjasafnið tæmdi geymslur í Bygggördum í nóvember 2016 (650 m²) og mun tæma geymslur í Dugguvogi í febrúar 2017 (630 m²), en báðar geymslurnar eru leigðar af Ríkiseignum. Áður hafði safnið rýmt Loftskýrtastöðina (465 m²) vegna afhendingar.

Kaup á sérfræðipjónustu (önnur sérfræðipjónusta) námu 92,3 millj 2016 (90,3 m 2015) og vega öryggisþjónustukaup vegna næturgæslu í Þjóðminjasafni og Safnahúsinu þyngst líkt og fyrri ár. Verkkaup lækka mikið milli ára, eru 72,3 millj 2016 en 200,1 millj 2015. Meginskýringin eru miklar framkvæmdir á vegum húsasafns með framlögum úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða og framkvæmdakostnaður vegna nýs varðveisluseturs að Tjarnarvöllum á árinu 2015 (samtals 141,6 millj 2015 en 59,7 millj 2016).

Eignakaup 2016 voru mjög mikil, alls 51,3 millj. Til húsasafns var keypt húsið Galtafell fyrir 13,0 millj. Í tengslum við flutninga á Tjarnarvelli var keypt sendibifreið (5,9 m), lyftarar (6,5 m) ýmis rannsóknastofubúnaður og húsgögn (8,2 m). Þá var keyptur tölvubúnaður fyrir 4 millj., gólfþvottavélar o.fl.


Sértekjur ársins 2016 urðu 199,7 millj samanborið við 204,2 millj árið 2015. Mikil aukning í aðsókn skilaði sér í 40% meiri tekjum af aðgangseyri 2016 en 2015 sem námu alls 140,5 millj og er það langstærsti tekjuliður stofnunarinnar. Aðgangseyrir inn í Þjóðminjasafnið árið 2016 var 1.500 kr. fyrir fullorðna (óbreytt frá 2015) og námu aðgangstekjur þar 126,5 millj (88,9 millj 2015). Aðgangseyrir inn í Safnahúsið var 1.200 kr fyrir fullorðna (óbreytt frá opnun í apríl


2015) og námu aðgangstekjur þar 10,2 millj (7,3 millj 2015). Tekjur af safnbúðum jukust einnig með aukinni aðsókn á sýningar safnsins og námu 26,6 millj borið saman við 21,3 millj 2015 (25% aukning). Auk útleigu á aðstöðu í Safnahúsinu fást leigutekjur af fyrirlestrarsal, veitingaaðstöðu og turni í Þjóðminjasafni og námu þær 7,5 millj 2016 og standa þannig í stað milli ára. Tekjur af myndasölu/leigu ráðast mikið af eftirspurn bókaforlaga hverju sinni og námu 1,6 millj (2,0 m 2015).

Styrkir og innbyrðis framlög stofnana lækka mikið milli ára og skýra heildarlækkun sértekna stofnunarinnar milli ára. Árið 2016 námu þessi framlög alls 17,3 millj (8,0 millj úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða til húsasafns, 4,3 millj úr sjóðum tengdum ÞJMS og 3,2 millj endurgreiðsla Vinnumálastofnunar á launakostnaði) en voru alls 68,4 millj 2015 (þar af 44 millj úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða til húsasafns).

Útgjöld umfram sértekjur verða þar með 730,8 millj. Til ráðstöfunar árið 2016 hafði safnið alls 755,5 millj, svo uppsafnaður rekstrarafgangur í árslok 2016 er kr. 24,7 millj. Sá afgangur er að hluta vegna verkefna í vinnslu hjá húsasafni sem framkvæmdasjóður ferðamannastaða styrkti (ónotað alls 9,3 millj hjá 521/húsasafni) en hluti skýrist af töfum á afhendingu Tjarnarvalla og þar með kostnaði við flutninga þangað (ónotað 15,4 millj alls hjá 101/Þjms).

Á blaðsíðum 10 og 11 er sundurliðað yfirlit yfir niðurstöðu ársins 2016 hjá Þjóðminjasafni Íslands (01-311) og samanburður ársniðurstöðu við niðurstöðu fyrra árs. Þar er einnig yfirlit yfir þróun höfuðstóls árin 2015-2017.





SAMANBURÐUR Á HELSTU TEKJU- OG GJALDALIÐUM ÁRIN 2015 OG 2016

GJÖLD	(ÁÆTL)	(RAUN)	MISM.	BREYTING
	LOKASTAÐA	LOKASTAÐA	ÞÚS KR	%
	2016	2015	mism	MISM(%)
Launagjöld	442.936.442	391.790.095	51.146.347	13,05%
Fundir, námskeið og risna	3.987.329	4.134.682	-147.353	-3,56%
Ferða- og dvalarkost. innanl.	2.695.822	2.918.565	-222.743	-7,63%
Ferða- og dvalarkost. erl.	2.686.565	3.449.073	-762.508	-22,11%
Akstur	2.660.419	2.090.436	569.983	27,27%
Tímarit, blöð og bækur	848.282	1.079.723	-231.441	-21,44%
Skrifstofuvörur og áhöld	6.988.303	9.284.764	-2.296.461	-24,73%
Aðrar vörur	15.943.291	13.171.510	2.771.781	21,04%
Önnur sérfræðiþjónusta	92.296.120	90.332.655	1.963.465	2,17%
Tölvu- og kerfisfræðiþjónusta	8.833.267	9.045.263	-211.996	-2,34%
Prentun, póstur, augl., flutn.	39.179.836	35.587.462	3.592.374	10,09%
Sími og ýmis leigugjöld	22.437.861	20.884.750	1.553.111	7,44%
Verkkaup og byggingarvörur	72.262.572	200.098.312	-127.835.740	-63,89%
Rafmagn og heitt vatn	28.873.059	20.979.032	7.894.027	37,63%
Húsaleiga og aðk. ræsting	126.828.205	72.668.134	54.160.071	74,53%
Fasteignagjöld og tryggingar	2.097.289	3.506.099	-1.408.810	-40,18%
Brennsluafni og olíur	1.080.665	935.710	144.955	15,49%
Verkstæði og varahlutir	2.565.102	7.994.549	-5.429.447	-67,91%
Tryggingar og skattar	418.051	391.936	26.115	6,66%
Vextir, bætur, skattar samt.	415.568	915.726	-500.158	-54,62%
Eignakaup samt.	51.318.390	12.782.398	38.535.992	301,48%
Tilfærslur samt.	3.200.481	-3.053.604	6.254.085	-204,81%
	930.552.919	900.987.270	29.565.649	3,28%

Meginskýringar á útgjöldum 2016 og/eða útgjaldabreytingum milli áráanna 2015 og 2016:

Laun: Fjölgun ársverka um 5,6 milli ára (46,9/2015 upp í 52,5/2016). Auk þess hækka laun 1.júní 2016 um 6,5% hjá SFR og 5,5% hjá BHM (auk 1,65%).

Ferðakostn.innanlands: lækkar lítillega hjá húsaafni milli ára. Ferðakostn.erlendis hár 2015 borið saman við fyrri ár (1,5m 2014). Akstur: hækkaði starfsmannaakstur milli ára m.a. v/framkvæmda á Tjarnarvöllum, Hf. Tímaritakaup: óvenjumikil útgjöld bókuð hér 2015. Sérfræðikostn.: hér vegur bæði árin þyngst öryggisþjónustan með alls 60,1m 2016 (næturgesla í 2 húsum, auk fjargeslu víðar).

Tölvu- og kerfisþjónusta: 2016 hér m.a. fjarvinnslan á Húsavík 2,3m (styrkverkefni eingöngu), heimasíða 3,2m og Gopro 0,7m

Verkkaup og byggingarvörur: hér húsaafni 44,4 m (88,9m 2015) og Tjarnarvellir 15,3 m (52,7m 2015), rekstur húsnæðis 5,3m og sýn.gerð 5,6 millj.

Rafmagn og heitt vatn: Mikil hækkan, m.a. aflestur Safnahúsi 2,6m og Tj.11 1,6 m. Fasteignagjöld og tryggingar: Lækka 2016, gjöld v/Safnahúss fíerast til Ríkiseigna.

Húsaleiga og aðk. ræsting: Húsaleiga Ríkiseigna var 56,9m 2015 en 81,6m 2016 (Safnahúsið nýtt 2016 alls 20,8m). Tjarnarvellir11 frá ág.2016 alls 29,6 millj

Prentun, póstur, auglýsingar, flutn: þar af prentun 8,6m (7,9m 2015); auglýs.og hönnun 11,1m (13,8m 2015); pósthutn 3,4m (4,4m 2015) og flutningar 9,3m (9,3m 2015)

Sími og ýmis leigugjöld: þar af Sarpseyfi 8,8m, sími/tengingar 6,0m, ýmiss hugbúnaður 4,8m (þar af GoPro 2,7m)

Verkstæði og varahlutir: 1,3m húsaafni og 1,2m rekstur 2016. Miklar framkvæmdir 2015, en þá fara 2,5millj í Safnahúsið og 3,0m í Þverá/húsaafni.

Eignakaup: 2016 m.a. Galtafell (13m) Sendibifreið 5,9m; lyftarar 6,5m; ýmis búnaður og tæki Tjarnarv. 8,3m; tölvubúnaður 4,1m; sím.fjarsk.-aðgangsstýr; 7,0 m; safngripir

TEKJUR	2016	2015		
Aðgangseyrir	-140.552.945	-99.947.318	-40.605.627	40,63%
Sérfræðipjónusta	-419.055	-1.861.170	1.442.115	-77,48%
Tekjur myndasafns	-1.617.193	-2.054.337	437.144	-21,28%
Tekjur safnbúðar, framlegð (tekjur - vörukaup)	-26.651.489	-21.250.987	-5.400.502	25,41%
Leigupjónustutekjur af húsnæði	-7.562.744	-7.540.976	-21.768	0,29%
Kostnaðarhlutdeild (húsnæði, tölvur, skrifst.þjón., umsýsla)	-423.403	-2.213.537	1.790.134	-80,87%
Styrkir og innbyrðis framlög - opinberir, einka, innlendir, erlendir	-17.292.005	-68.393.314	51.101.309	-74,72%
Vaxtatekjur	-343.589	-195.749	-147.840	75,53%
Ýmsar aðrar tekjur og framlög	-4.884.825	-765.457	-4.119.368	538,16%
	-199.747.248	-204.222.845	4.475.597	-2,19%

Skýringar með tekjum 2016:

Aðgangseyrir: 126,5 m Suð.41 (88,9m 2015) Safnahús 10,2m (7,3m 2015), Viðimýri 0,0m (2,8m 2015) og Keldur 3,2m (1,6m 2015) Útseld

sérfræðipjónusta: tekjur af forvörslupjónustu fyrst og fremst

Tekjur myndasafns hafa lækkað með árunum (2014 2,5 millj). Eru að miklu leyti háðar sölu til bókaforlaga hverju sinni.

Tekjur safnbúðar (vörusala án vsk - vörukaup til birgða) hækka með aukinni aðsókn en þó ekki jafnmikið og aðgangstekjurnar. Leigutekjur: turn 1,4m

(safnaráð); fyrirlestrarsalur 1,6m; kaffihús 2,6m, Safnahúsið 1,9m

Kostnaðarhlutdeild: Kaffitár-rafmagn 0,4m. Óinnheimt í árslok 1,2m HÍ v/fornl.fræði 2016. 2015 kom að auki 0,5m frá Nátt v/Loftsk.stöðvar Styrkir/framlög:

8,0m framkv.sj ferðam (44,0m 2015); 3,0m minn.sj.IGJ; 1,3m arfur HRB; 3,2m VMST (2 AMS-starfsmenn og sumarstörf) Ýmsar tekjur: uppgjör

v/Krýsuvíkurkirkju 3,0millj og uppgjör v/ljósmyndara ÞJMS (Kirkjur Íslands 1,9m)

REKSTRARNIÐURSTAÐA	730.805.671	696.764.425
---------------------------	--------------------	--------------------

Þróun höfuðstóls 2015 - 2017 Þjódminjasafn Íslands (01-311)

Rekstrarniðurstöður (kr.)	2015	2016 (áætl)	2017 (áætl)	Breyting %
Rekstrargjöld	900.987.270	930.552.919	965.173.172	3,72%
Sértekjur	-204.222.845	-199.747.248	-218.350.000	9,31%
Gjöld umfram sértekjur	696.764.425	730.805.671	746.823.172	2,19%

Framlag úr ríkissjóði alls	-653.400.000	-687.700.000	-723.000.000
Niðurstaða ársins	43.364.425	43.105.671	23.823.172

Höfuðstóll í ársbyrjun	111.152.233	67.787.808	24.682.137
Hagnaður/tap ársins	-43.364.425	-43.105.671	-23.823.172
Höfuðstóll í árslok	67.787.808	24.682.137	858.965

skipting höfuðstóls í árslok 2016:

meginskýring

01-311-101 15.431.154 flutningar á Tjarnarvelli - óráðstafað í árslok

01-311-521 9.250.983 ónotaðir verkefnastyrkir framkv.sjóðs ferðam.staða

HÖFUÐSTÓLL Í ÁRSLOK 2016 24.682.137

Starfsmannamál


Hjá Þjóðminjasafni Íslands voru alls 101 starfsmenn á launaskrá ársins 2016, borið saman við alls 83 starfsmenn árið 2015. Eru þá allir taldir, jafnt fastráðnir starfsmenn, verkefnaráðnir, sumarafleysingarfólk og tímavinnufólk í smáum og stórum verkefnum, sem og fastráðnir starfsmenn í orlofi.

Af þessum 101 starfsmönnum eru 67 í starfi í árslok (68/2015 og 63/2014) þar af 42 starfsmenn með ótímabundna ráðningu. Tveir starfsmenn voru í launalausuleyfi í árslok og einn starfsmaður í námsleyfi. Starfsmannavelta á árinu 2015 var 13%. Hún er fundin með því að taka þann fjölda sem hætti störfum á árinu og deila með meðalfjölda starfsmanna á tímabilinu. Starfsfólk með tímabundna ráðningu er undanskilið.

Ársverk 2016 voru alls 52,5. Ársverk hjá Þjóðminjasafni Íslands voru 46,8 árið 2015 og 46,4 árið 2014.


Kynjahlutfall í árslok 2016 hjá þeim 67 starfsmönnum sem voru í starfi var 49 konur og 18 karlar (54/14 árið 2015 49/14 árið 2014).

Meðalaldur allra 67 starfsmanna safnsins í árslok 2016 var 44,5 ár (44,9/2015, 47/2014). Yngsti starfsmaðurinn var 19 ára en sá elsti 76 ára eftirlaunaþegi í tímavinnu.



Menntun starfsmanna Þjóðminjasafns Íslands endurspeglar hlutverk safnsins sem vísinda- og þjónustustofnunar en stærsti hluti starfsmanna er með háskólagráðu. Af 67 starfsmönnum í árslok 2016 eru 78% með háskólapróf, nánar tiltekið eru 29% með fyrstu háskólagráðu, 44% með framhaldsgráðu og 5% með doktorsgráðu. Til viðbótar eru 6% í háskólanámi eða hafa lokið ígildi háskólanáms án formlegrar gráðu. 12% starfsmanna eru með iðnmenntun eða verslunarmenntun. Dæmi um háskólamenntun starfsmanna er t.a.m. safnafræði, þjóðfræði, fornleifafræði, hagnýt menningarmiðlun, myndlist, japanska, sagnfræði, miðaldafræði, forvarsla og mannfræði.

Menntun starfsmanna Þjóðminjasafns Íslands 2016



Ráðinn var starfsmannastjóri til Þjóðminjasafns Íslands í apríl 2016. Með því er lögð frekari áhersla á þann málaflokk samhliða innleiðingu nýs stjórnskipulags. Starfsþróunaráætlun fyrir Þjóðminjasafn Íslands var formlega samþykkt á árinu 2015 en á árinu 2016 var lögð áhersla á að innleiða starfsþróun fyrir einstaka starfsmenn. Einnig var unnið að hæfnigreiningu starfa innan safnsins. Með þessu móti er vonast til að starfsþróun og hvatning til hennar verði markvissari en áður.

Í árslok var lögð fyrir viðhorfskönnun um starfsumhverfi starfsmanna Þjóðminjasafns sem fyrirhugað er að leggja fyrir árlega. Könnunin var í umsjá Félagsvísindastofnunar HÍ. Markmiðið er að greina hvað vel er gert og hvað má helst bæta í starfsumhverfi. Auk þess er könnunin um Stofnun ársins framkvæmd einu sinni á ári. Niðurstöður þessara tveggja starfsánægjukannana eru hvatning til umbóta og verkfæri stjórnenda stofnunarinnar til að efla Þjóðminjasafnið sem vinnustað.

Kjarnastarfsemi

Munasafn

Á sviði varðveislu muna og jarðfundinna gripa urðu mikilvæg þáttaskil í starfsemi þegar safnið tók síðasumars við nýju fullbúnu húsnæði til varðveislu og rannsókna þjóðminja að Tjarnarvöllum 11 í Hafnarfirði. Með þeirri aðstöðu voru sett ný viðmið í faglegu safnastarfi. Í húsnæðinu sem er 4.270 m² að stærð verða fullbúnar öryggisgeymslur og kjöraðstæður til varðveislu safnkosts, hvers kyns muna og jarðfundinna gripa fornleifarannsókna auk heimildasafns. Þar verða einnig rannsóknarstofur, forvörsluverkstæði og rými til undirbúnings sýninga. Þá verður aðstaða fyrir starfsmenn, sérfræðinga, fræðimenn, gesti og nemendur. Hafist var handa við umfangsmikið átaksverkefni í flutningi safnkosts munasafns í hina nýju aðstöðu varðveislu- og rannsóknaseturs Þjóðminjasafns. Fyrsta áfanga flutninganna lauk um mánaðarmótin nóvember-desember og var um að ræða flutning Nesstofusafns og Lækningaminjasafns, Hjúkrunarsafns og Tannlæknasafns. Áætlað var að verkefnið sem unnið verður í áföngum muni taka um tvö ár, en í því felst umfangsmikil greining og skráning á þjóðminjunum.

Söfnun

Unnið er samkvæmt settri söfnunarstefnu við söfnun og móttöku gripa. Gripum sem falla að söfnunarstefnu annarra safna er fremur vísað til þeirra. Þessi leið höfuðsafnsins leiðir til aukinnar samvinnu safnanna enda miðar hún að því að gripir hljóti varðveislu þar sem þeir eiga best heima. Alls eru 86 færslur í aðfangabók munasafns árið 2016. Þar af eru 48 vegna fornleifarannsókna n.t.t. 48 rannsóknarnúmer í aðfangabók. Um er að ræða leyfi sem Minjastofnun Íslands veitti á árinu en hverri rannsókn er gefið númer í aðfangabók Þjóðminjasafns í samræmi við verklagsreglur sem stofnanirnar hafa unnið eftir undanfarin misseri. Flest númerin eru prufu- og könnunarskurðir vegna jarðvegs- eða byggingaframkvæmda. Til að nefna nokkra valda gripa þá er það t.d. lítil kirkjuklukka frá Felli í Kollafirði, fatnaður af ýmsu tagi, útsaumsprufur, stokkabelti eftir Þorbjörn Ólafsson frá Lundum (1750-1827), víkingaaldarsverð og fleiri gripir frá svipuðum tíma sem fundust við vettvangsrannsókn Minjastofnunar Íslands í farvegi Eldvatns, altarissteinn úr Staðarkirkju í Aðalvík, altari úr Grafarkirkju á Höfðaströnd með útskurði eftir Guðmund frá Bjarnastaðahlíð, fótbolti frá EM í Frakklandi, og undir árslok festi safnið kaup á merkum gripum úr einkaeign þ.e. róðukross frá síðmiðöldum, kistlum, reiðaskjöldum m.m. Í Þjóðháttafni var send út spurningaskrá um gæludýr sem hlaut mikla svörun.

Skráning

Færðar voru upplýsingar um ný aðföng í aðfangabók en fullskráning safnauka í almenna munasafnið lá niðri vegna annarra verka í munasafni.

Útvistun og grisjun

Mótuð var stefna um að hefja yfirferð gripa og tækniminja frá seinustu öld, útvista þeim til annarra eða grisja í þeim tilfellum þegar á skorti upplýsingar sem rökstyddu menningarsögulegt varðveislugildi. Þegar um stóra gripa er að ræða, sem ekki verður séð að notaðir verði til sýninga var ákveðið að varðveislan yrði fólgin í skráningu tiltækra upplýsinga og skýrslugerð að viðbætti ljósmyndun.

Í Vesturvör 14 og Dugguvogi var unnið að útvistun og grisjun á því sem telst til tækniminja. Unnið var áttak í að koma óskráðum gripum, þ.e. bílum, vélum og stórvirkum landbúnaðartækjum frá 20. öld til opinberra safna, einkasafna og einstaklinga sem fást við viðgerðir og sinna viðhaldi. Liður í átakinu var að fá til ráðgjafar sérfræðinga á stofnunum, söfnum og einstaklinga sem þekkja til málaflokksins. Fjöldi ráðgjafa kom að verkefninu og fyrstan ber þar að telja Þór Magnússon, fyrrum þjóðminjavörð sem gjörþekkir söfnun sem fór fram í hans umsjá árin 1970–1990. Mikilvægt er að ná þeirri þekkingu niður og skrá með hverjum grip auk sögu og ferils minjanna. Sérstök skýrsla verður unnin um þetta áttak, sem fjöldi manna hefur komið að, en áætlað er að næsta stóra skref verði tekið á árinu 2017.

Jarðfundnir forngríp

Fornleifafræðingum ber samkvæmt lögum um menningarminjar nr. 80/2012 að skila forngrípum úr uppgröftum til Þjóðminjasafnsins. Mótaðar hafa verið verklagsreglur fyrir móttöku forngrípa og rannsóknargagna. Á árinu var verklag endurskoðað fyrir beiðnir sem berast um sýnatökur úr gripum til margvíslegra rannsókna. Beiðnum vegna þessa fjölgar og eru þær flestar vegna mannabeinasafnsins. Áhersla var á skráningu og vistun jarðfundinna gripa auk þess sem markvissar var unnið að móttöku gripa úr fornleifarannsóknum undanfarinna ára. Unnið var áttaksverkefni í forngrípageymslu. Hlé var gert á verkefninu í ágúst 2016 vegna flutninga, þá var búið að fara yfir rúmlega 9000 númer og búið að endurpakka, ljósmynda og laga skráningu í Sarpi á 631 málmgrípum.

Þjónusta við fræðimenn

Fræðimenn, námsmenn og almenningur sækja í auknum mæli til munasafns vegna rannsókna og minni athugana. Þjónusta við þá sem sækja sér efnivið til rannsókna er mikilvægur liður í starfsemi munasafns.

Alls bárust safninu 18 beiðnir um aðgang að safnkostinum vegna rannsókna. Beiðnir um aðgang að dýrabeinum og mannabeinum voru flestar. Nýfundnið sverð frá Ytri Ásum vakti athygli og doktorsnemi í fornleifafræði frá Gautaborg skoðaði flestar brjóstnælur frá víkingaöld og gerði af þeim þrívíddarmodel. Haldið var áfram með textílransóknir undir stjórn Michèle Hayeur Smith og rannsóknum á kömbum sem Guðrún Alda Gísladóttir og Mjöll Snæsdóttir stýra. Safninu bárust nokkrar beiðnir vegna sýnatöku úr safnkostinum. Stefnan er að verða við slíkum beiðnum enda skaði þær ekki gildi safnkostsins.

Forvarsla

Um 25 gripir fengu meðferð í styrkjandi forvörslu þar af þrír forngripir úr nýjum fornleifarannsóknum (2015-4 og 2016-49) í útseldri vinnu. Áfram var unnið í að forverja gripi út frá matskýrslu forvarða (2012 og 2015) á sýningunni *Þjóð verður til* í safnhúsinu á Suðurgötu. Hentugir skápar voru fundnir í staðinn fyrir tvöfaldan skáp í fyrsta söguhólfi. Fjöldi annarra verkefna sem tilheyra umhirðu grunnsýningarinnar fóru fram. Unnið var að endurskoðun lýsingar og birtuskilyrða með varðveislu að leiðarljósi á sýningunni *Sjónarhorn* í Safnahúsinu á Hverfisgötu. Heildarskrá muna og forgangsröðun björgunar var endurskoðuð, gerðar úrbætur á upplýsingum um sýningargripi og staðsetningu þeirra í sýningunni.

Þjóðminjasafn Íslands og Félag forvarða á Íslandi (NKF-IS) stóðu saman að námskeiði um varðveislu plasts í fyrsta skipti á Íslandi dagana 9.-11. nóvember. Þess má geta að 75% gripa úr plasti sem tilheyra lista-, hönnunar-, samtíma-, iðnaðar- eða leikfangasöfnum þarfnast annað hvort fyrirbyggjandi forvörslumeðferðar eða annarar meðferðar, til þess að styrkja þá og gera ástand þeirra stöðugra. Kennarinn var Yvonne Shashoua, vísindamaður hjá danska Þjóðminjasafninu og einn helsti sérfræðingur á sviði varðveislu plastgripa. Hún er frumkvöðull og hefur gefið út lykilbók um efnið: *Conservation of plastics, materials science, degradation and preservation, 2008*. Á námskeiðinu var farið í kennilega og verklega þætti um varðveislu plasts. Þátttakendur lærðu um hvernig plastefni brotna niður, hvaða plastefni er helst að finna í safnkosti og hvernig má þekkja einkenni hrönnunar þeirra. Bestu leiðir til fyrirbyggjandi forvörslu voru ræddar og niðurstöður nýjustu rannsókna skoðaðar. 15 manns sóttu námskeiðið þar af 4 sérfræðingar frá Þjóðminjasafninu.

Ljósmyndasafn Íslands

Ljósmyndasafn Íslands í Þjóðminjasafni er elsta ljósmyndasafn landsins. Það endurspeglast í safneigninni sem er mjög sterk og fjölbreytt bæði hvað varðar 19. og 20. öld. Tekist hefur á síðustu áratugum að styrkja þau tímabil sem hallaði á með virkri söfnun og á það einkum við um seinni hluta tuttugustu aldar. Staða safnsins setur því skyldur á herðar ekki bara varðandi söfnun og varðveislu heldur einnig rannsóknarstarf, sýningar og útgáfu. Allt frá aldamótum hefur verið unnið markvisst í sýningahaldi og samhliða unnið að rannsóknum og útgáfu þeim tengdum. Árið 2016 var þar engin undantekning. Stærsta einstaka verkefnið var sýning helguð sögu póstkortsins á Íslandi og var nokkur áskorun að öðlast yfirsýn yfir þá sögu og miðla henni til safngesta. Sjaldan hafa jafn margar myndir verið sýndar í einu í Myndasalnum eða um 1.000 kort.

Söfnun

Safnauki ljósmyndasafnsins á árinu taldi rétt rúmlega 50 færslur. Meðal þess sem bættist við í safnið eru: Ýmsar syrpur póstkorta frá síðustu þrem áratugum sem keyptar voru eða gefnar vegna póstkortasýningar. Mappa með myndum af öllum býlum og íbúum í Rauðasandshreppi árið 1963, teknar af Hannesi Pálssyni ljósmyndara. Glerskyggnur sænska rithöfundarins Viggo Zadig með myndum úr Íslandsferðum hans árin 1905, 1930 og um 1950. Syrpur frummynda eftir áhugaljósmyndara frá áratugnum 1950 til 1960 frá Herði Þórarinssyni, en hann var í forystu í félagshreyfingu áhugaljósmyndara á þeim tíma. Teikningasafn Halldórs Péturssonar teiknara, en hann var einn helsti myndskreytir og skopmyndateiknari sinnar kynslóðar. Safn Halldórs var afhent í tilefni af aldarafmæli hans.

Vistun

Til að bæta varðveislu mynda og aðgengi að þeim er myndasöfnum pakkað í sýrufríar umbúðir og einstök söfn númeruð og í sumum tilvikum frumskráð samtímis. Eftirtöldum söfnum var umpakkað: Filmusafn Björns Björnssonar, glerplötur Björns Björnssonar, hluta af filmusafni Alfreðs D. Jónssonar, hluta af safni Birtings, skyggusafni Þórðar Þórðarsonar, skyggusafn Björns Björnssonar, skyggusafni Sigurðar Guðmundssonar, filmusafni Runólfs Elentínussonar, hluta af filmusafni Kristjáns Magnússonar, frummyndum Kristins Sigurjónssonar, frummyndum Freddy Laustsen, frummyndum Óttars Kjartanssonar, frummyndum Litla ljósmyndaklúbbsins, hluta af mannamyndasafni Tímans, hluta af þjóðlífsmyndasafni Tímans. Um 50.000 skyggnum, filmum og myndum var komið í sýrufríar umbúðir.

Skráning

Grundvöllur allrar nýtingar og umsýslu gagna er að þau séu skráð. Mikil skráningarverkefni bíða í myndasafninu. Eftirtalin myndasöfn voru skráð í Sarp á árinu: Safnauki Ljós- og prentmyndasafns árána 2002, 2003 og 2013 að hluta, póstkortasafns árið 2002 og 2015, og Mannamyndasafns 2014. Auk þess voru skráðar frummyndir Óttars Kjartanssonar, Kristins Sigurjónssonar, Freddy Laustsen og Litla ljósmyndaklúbbsins. Skráð voru filmusöfn Hallgríms Sigtryggssonar og hluti af söfnum Sigurðar K. Eyvindssonar og Geirs Zoëga. Alls voru skráðar 6.879 færslur úr myndasafni í Sarp.

Unnið var að innslætti á fyrirleggjandi handskrifuðum skráum frá Ingibjörgu Kaldal, Runólfi Elentínussyni, Mannamyndasafni Tímans og filmusafni Björns Björnssonar. Skráð var viðbót af filmusafni Guðna Þórðarsonar. Þannig voru frumskráðar 21.315 færslur utan við Sarp.

Myndvæðing

Unnið var að innskönnun á myndefni safnsins eða teknar af því stafrænar myndir í þeim tilgangi að bæta aðgengi að safnkostinum. Það er gert með tvennum hætti. Annars vegar af einstökum myndum eða filmum og þá sett í skárningarkerfið Sarp með viðkomandi skráningarfærslu. Hins vegar sem vinnugögn við skráningu og myndaval á sýningu.

Gerðar voru stafrænar myndir af glerplötusafni Björns Björnssonar, litfilmum Sigurðar Tómassonar, frummyndum Kristins Sigurjónssonar og Freddy Laustsen. Gerðir voru kontaktar af filmublöðum á svart hvítum filmum og skyggnum Björns Björnssonar, filmusafni Gísla Gestssonar, filmusafni Kristins Sigurjónssonar og hluta af filmusafni Freddy Laustsen.

Alls voru gerðar stafrænar eftirgerðir af 2.344 stökum myndum og 2.881 kontaktar.

Myndvæðing Sarps

Myndir voru tengdar við myndlausar skráningar í gagnagrunninum Sarp á skyggusafni Guðmundar L. Hafsteinssonar af friðuðum kirkjum, safni Þorleifs Þorleifssonar og atburða og staðarmyndum úr filmusafni Jóns Kaldals. Alls voru þetta 2.919 myndir.

Húsasafn

Við húsasafn Þjóðminjasafns Íslands er unnið ötullega að varðveislu byggingararfs þjóðarinnar með viðgerðum og viðhaldi 64 húsa á 40 minjastöðum um land allt. Safnkosturinn í húsasafninu telur 35 torfhús, 21 timburhús, 5 steinhlaðin hús og 3 steinsteypt hús. Allar framkvæmdir við húsin taka mið af minjagildi þeirra. Viðhöfð eru öguð vinnubrögð og haldið er í þær vinnuaðferðir og handverk sem notast var við í byggingu húsanna. Til að viðhalda og auka þekkingu á gömlu handverki hefur Þjóðminjasafnið um nokkurra ára skeið haft samvinnu við lðnskólann í Hafnarfirði, nú Tækniskólann – skóla atvinnulífsins, um endurbyggingu Krýsuvíkirkirkju og Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra á Sauðárkróki um viðgerð Stefánskirkju á Sauðanesi á Langanesi. Í framkvæmdum við húsasafnið er ennfremur höfð samvinna við Minjastofnun Íslands og minjaverði stofnunarinnar á hverjum stað.

Auk viðgerðanna felst mikilvægur þáttur í starfi húsasafnsins að miðla þekkingu um húsin og er það m.a. gert með því að hafa þau til sýnis fyrir almenning að viðgerðum loknum. Í þeim tilgangi er leitað eftir samstarfi við sveitarfélög, byggðasöfn og aðra aðila heima í héraði um rekstur húsanna. Hús í húsasafninu eru mikilvægur hluti starfsemi sumra byggðasafna og viðkomustaðir fjölmargra ferðamanna. Má í þessu samhengi nefna Reykholtskirkju eldri í Reykholtsdal, Viktoríuhús og vindmyllu í Vigur í Ísafjarðardjúpi, Litlabæ í Skötufirði, Glaumbæ og Víðimýrarkirkju í Skagafirði, Laufás í Eyjafirði, Grenjaðarstað í Aðaldal, Sauðanes á Langanesi, Bustarfell í Vopnafirði, Selið í Skaftafelli, Keldur á Rangárvöllum, Húsið á Eyrarbakka og Nesstofu á Seltjarnarnesi. Annar þáttur í miðlun um húsin er umfjöllun um þau á heimasíðu Þjóðminjasafnsins.

Söfnun

Á árinu bættust við í húsasafnið sumarhús Einars Jónssonar myndhöggvara, Galtafell í Hrunamannahreppi. Sumarhús Einars eru tvö hús og á lóðinni er líka sumarhús byggt 1983 og geymsla við það frá 1988.

Viðgerðir og forvarsla

Unnið var að margvíslegum framkvæmdum við húsasafn Þjóðminjasafns Íslands árið 2016. Framlag til húsasafnsins í *Fjárlögum 2016* var 65.4 milljónir, af *Fjárlögum 2015* voru 19 milljónir fluttar til 2016 og um 7,4 milljóna kr. styrkur úr *Endurbótasjóði ferðamannastaða* frá árinu 2015 var fluttur til ársins 2016. Samtals voru því á árinu 91.7 milljónir til ráðstöfunar vegna reksturs og framkvæmda við húsasafnið, þar af 54.4 milljónir til viðhaldsframkvæmda.

Í viðgerðum á húsum í húsasafninu náðist að framkvæma og ljúka þeim markmiðum sem sett voru stærri verkefnum. Má þar nefna Bustarfell, Þverá og Galtastaði fram. Ekki tókst að vinna að öllum þeim verkefnum sem snúa að tjörgun og málun húsanna. Þannig var úrkomán á Suðurlandi á síðasta sumri slík að ekki reyndist unnt að vinna við bænhúsið á Núpsstað, Selið í Skaftafelli né Hofskirkju í Öræfum.

Í Litlabæ í Skötufirði var unnið að viðgerðum steinsteyptra útihúsa sem byggð voru árið 1927 og gert við fjós og haughús. Á Þverá í Laxárdal var hesthús ásamt hlöðu tekin til gagngerðra viðgerða, veggir endurhlaðnir að mestu og þekja endurnýjuð. Yfirgripsmiklar viðgerðir á Bustarfelli í Vopnafirði héldu áfram og var gert við Fremri stofu. Á Galtastöðum fram var gert við fjárhús við bæinn, veggir voru teknir niður að hluta og endurhlaðnir og þekja endurnýjuð. Lokið var við smíði tveggja lítilla þjónustuhúsa og þeim komið fyrir nærri steinhúsinu á Sómastöðum við Reyðarfjörð. Þar var einnig borað eftir köldu neysluvatni og komið fyrir rotþró og hún tengd við þjónustuhúsin. Á Keldum á Rangárvöllum var þekja Vesturhesthúss og tappakofa teknar ofan og veggir endurhlaðnir að mestu. Þar á eftir að gera við laup húsanna og ganga frá þekjum. Hafin var rækileg viðgerð á steinsteyptu fjósi við Húsið á Eyrarbakka, þak endurgert og einn veggur steyptur upp að nýju. Unnið var að hefðbundnu viðhaldi – málun, tjörgun og smáviðgerðum margra húsa: Kirkjuhammskirkju, Sjávarborgarkirkju, Grafarkirkju, Nýjabæjar á Hólum, prestssetursins á Sauðanesi og loks var íbúðarhúsið á Víðimýri málað að utan.

Skráning

Haldið var áfram að vinna við útgáfuna Kirkjur Íslands og samdar greinar um fjórar kirkjur fyrir Þjóðminjasafn Íslands og Minjastofnun Íslands. Þær verða birtar í síðasta bindi ritraðarinnar. Á árinu var unnið að áætlunargerð vegna margvíslegra framkvæmda sem nauðsynlegt er að ráðast í á næstu árum svo að hægt sé að taka á móti þeim fjölda ferðamanna sem sækir húsasafnið heim. Unnið var allt árið við eftirfylgni og eftirlit með framkvæmdum við nýtt varðveislu- og rannsóknarsetur þjóðminja á Tjarnarvöllum 11 í Hafnarfirði.

Miðlunarsvið

Á Þjóðminjasafninu er unnið öflugt miðlunarstarf í þágu almennings og þeirra erlendu gesta sem sækja safnið heim hvert ár. Á miðlunarsviði Þjóðminjasafnsins fer fram skipulögð fræðsla fyrir skólahópa, skipulagning viðburða, fyrirlestra og málþinga, útgáfa fræðslubæklinga og sýningarskráa og aðgengismál almennt.

Gestir Þjóðminjasafns Íslands árið 2016 voru 163.639.

Ný og endurbætt vefsíða safnsins var tekin í notkun 1. desember 2016. Á árinu var sýningin *Sjónarhorn* í Safnahúsinu við Hverfisgötu tilnefnd til íslensku safnaverðlaunanna ásamt Listasafni Reykjavíkur – Ásmundarsafni og Byggðasafni Skagfirðinga. Þetta var tilkynnt 18. maí á alþjóðadegi safna. Íslensku safnaverðlaunin eru viðurkenning sem veitt er annað hvert ár íslensku safni fyrir framúrskarandi starfsemi. Almennigur, stofnanir og félagasamtök gátu sent inn ábendingar um safn eða einstök verkefni á starfssviði safna sem þykja til eftirbreytni og íslensku safnastarfi til framdráttar.

Sýningar

Fjöldi sýninga var settur upp á árinu og vinnu var haldið áfram við endurbætur og endurskoðun valdra hluta grunnsýningarinnar, *Þjóð verður til – Menning og samfélag í 1200 ár*. Auk þess sem unnið var að birtuskilyrðum og lýsingu *Sjónarhorna* í Safnahúsinu við Hverfisgötu.

Fræðsla

Þjóðminjasafnið leggur sig fram um að bjóða börn og fjölskyldur sérstaklega velkomin í safnið. Aðgangur er ókeypis fyrir börn að 18 ára aldri og í boði er hljóðleiðsögn sérstaklega ætluð yngstu kynslóðinni. Gestum býðst að fara í ratleiki, en þeir eru góð leið til að skoða grunnsýningu safnsins á fræðandi og skemmtilegan hátt. Í skemmtimenntun á 2. hæð er hægt að máta búninga, leika sér, teikna og hlusta á sögur. Fyrsta sunnudag í mánuði hefur undanfarin ár verið boðið upp á sérstaka leiðsögn um safnið fyrir börn og hefur aðsókn ætíð verið mjög góð. Á árinu var einnig boðið upp á mánaðarlega fjölskyldustund í Safnahúsinu við Hverfisgötu.

Leiðsögn

Yfir sumartímamann var boðið upp á leiðsögn á ensku þrjá daga í viku í Þjóðminjasafninu og Safnahúsinu. Í vetur var auk þess boðið upp á leiðsögn á ensku tvisvar í viku. Einnig voru sérfræðingar safnsins og utanaðkomandi sérfræðingar með leiðsögn a.m.k. mánaðarlega. Auk þess sinnir safnið óskum um leiðsögn um sýningar safnsins fyrir hópa á ýmsum tungumálum gegn gjaldi.

Safnfræðsla

Á Þjóðminjasafninu er í boði fræðsludagskrá í tengslum við námsskrá fyrir annan hvern árgang, þ.e. fjögurra ára nemendur leikskólans og 1., 3., 5., 7. og 9. bekk grunnskólans. Einnig er boðið upp á fræðslu fyrir framhaldsskóla. Nemendum á fyrsta ári í Háskóla Íslands er boðið að koma í kynningu á starfsemi safnsins. Árið 2016 sóttu 8.610 nemendur og kennarar í skipulögðum heimsóknum fræðslu í Þjóðminjasafninu. Að auki koma nemendur á ýmsum

skólastigum á eigin vegum á sýningar og á dagskrárliði í safninu, ýmist til að vinna verkefni eða með kennurum sínum, án þess að safnkennarar sinni þeim sérstaklega. Þessir nemendur koma yfirleitt ekki fram í fjöldatölum sem safnkennarar taka saman.

Í Safnahúsinu við Hverfisgötu er einnig boðið upp á fræðsluefni fyrir skóla og miðar það að yngsta stigi, miðstigi og unglिंगastigi grunnskóla og framhaldsskóla. Efnið er veflægt og kennarar nýta sér námsefnið við kennslu á sýningunni. Fjöldi nemenda og kennara sem komu í Safnahúsið var 1.546.

Samtals var því fjöldi nemenda og kennara sem kom í sýningahúsin tvö 10.156.

Skólar og dvalarheimili geta fengið lánaða safnkassa með fræðslu og áhöldum sem snerta ýmsa þætti daglegs lífs áður fyrr. Í boði eru sex kassar: Baðstofukassi, tóvinnukassi, leikfangakassi, matarkassi, landnámskassi og ljósmyndakassi. Safnkassarnir voru lánaðir út 42 sinnum á árinu 2016. Þá fór safnkennari með ljósmyndakassa safnfræðslunnar og ljósmyndasýninguna Aldarspegil á dvalarheimilið Hrafnistu í Hafnarfirði einn eftirmiðdaginn í mars og sýndi áhugasömum íbúum heimilisins.

Rannsóknir og þróun

Þjóðminjasafni Íslands ber að stunda rannsóknir á starfssviði sínu og hvetur jafnframt fræðimenn og nemendur til að nýta safnkostinn til margvíslegra rannsókna. Ljósmyndasafn Íslands í Þjóðminjasafni er vettvangur rannsókna af ýmsu tagi og myndir nýttar í útgáfu bæði á vegum safnsins og annarra útgefenda. Sérfræðingar stunda einnig rannsóknir á jarðfundnum gripum, munasafninu og húsasafninu. Þjóðháttasafnið, sem einnig er aðgengilegt á sarpur.is, er óþrjótandi heimild við fjölbreyttar rannsóknir. Mikilvægur liður í starfsemi safnsins er útgáfa á niðurstöðum rannsókna, sem oft tengjast annarri miðlun eða verkefnum safnsins. Meðal þeirra verkefna sem lauk á árinu má nefna útgáfu Þjóðminja eftir Margréti Hallgrímsdóttur, þar sem farið er yfir sögu Þjóðminjasafns Íslands og varpað ljósi á grósku starfseminnar á undanförunum árum og safnkostinn sem hún byggir á.

Rannsóknastaða dr. Kristjáns Eldjárns

„Við Þjóðminjasafn Íslands skal vera sérstök rannsóknarstaða, tengd nafni dr. Kristjáns Eldjárns, fyrrum þjóðminjavarðar og forseta Íslands. Staðan er ætluð fræðimönnum, er sinna rannsóknum á sviði íslenskrar menningarsögu sem fellur undir starfssvið Þjóðminjasafns Íslands.“ (Reglugerð nr. 896/2006 um Þjóðminjasafn Íslands, II. kafla, 9. gr.)

Dr. Árni Daníel Júlíusson, sagnfræðingur hefur gegnt rannsóknastöðu dr. Kristjáns Eldjárns frá því vorið 2015. Rannsókn hans, Miðaldir í skuggsjá: máldagar, auður og byggð norðanlands á 9.-15. öld, fjallar um hvernig byggð og landbúnaður hafi þróast á tímabilinu frá landnámi og fram á 15. öld, með því að rýna sérstaklega heimildir um Svarfaðardal. Stuðst er við rannsóknir dr. Kristjáns Eldjárns, skjallugar heimildir og fornleifaskráningu svæðisins. Fer vel á því þar sem á árinu 2016 er öld liðin frá fæðingu dr. Kristjáns Eldjárns.

Úrvinnsla stórra rannsóknarverkefna

Á undanförunum árum hefur verið haldið áfram við úrvinnslu fornleifarannsóknarinnar á Bessastöðum, en þegar hafa verið gefnar út skýrslur um hluta þess stóra verkefnis. Mikil grunnvinna fór fram í myndvinnslu á árinu, bæði vegna úrvinnslu Bessastaðarannsóknar og ýmissa eldri rannsókna. Allmargar svarthvítar filmur, litfilmur og litskyggjur voru skannaðar inn, myndefni þeirra skráð og myndirnar settar inn á myndatökudrif og í Sarp. Margar uppgraftarteikningar voru líka hreinteiknaðar og skannaðar inn vegna frágangs á skýrslum og greinum um eldri rannsóknir.

Þá lauk umfangsmikilli fornleifarannsókn í Reykholti með veglegri útgáfu ritsins *Reykholt: the Church Excavations* eftir dr. Guðrúnu Sveinbjarnardóttur, með þátttöku ýmissa annarra sérfræðinga sem lögðu hönd á plóg. Bókin var gefin út í samstarfi við menningar- og miðaldasetrið Snorrastofu í Reykholti og Háskólaútgáfuna, en um ritrynt rit var að ræða.

Skráning í menningarsögulega gagnagrunninn Sarp

Vinnu var haldið áfram við þróun og lagfæringar á Sarpi 3.0 og kerfið er orðið býsna stöðugt og afkastamikið. Þróun þess heldur áfram og var m.a. aukið við möguleika í notkun ytri vefsins. Sú breyting varð um áramót að Þekking ehf. lét af viðhalds- og þróunarþjónustu við Sarp en PEZ ehf. tók við og hefur viðhaldi og þróun innri og ytri vefjar fleygt fram á árinu. Þjóðháttskrá Sarps var endurgerð að stórum hluta og er nú hægt að svara spurningaskrá á síðunni sarpur.is. Starfsemi Skráningarráðs Sarps, sem sett var á laggirnar árið 2015, var allnokkur og töluverð vinna var lögð í áframhaldandi gerð leiðbeiningahandbókar fyrir notendur innri vefs Sarps og er hún aðgengileg á hjálparvef Landskerfis bókasafna/Rekstrarfélags Sarps. Skráningarstjóri skipulagði og kenndi vinnubrögð og verkferla við Sarpsskráningu ásamt fagstjóra Sarps á þremur Sarpsnámskeiðum sem haldin voru í húsnæði Lb/RS.

Bóka- og heimildasafn

Bókasafnið sérhæfir sig í þeim greinum sem stofnunin beinir helst rannsóknum sínum að, eins og til dæmis safnafræði, forvörslu, ljósmyndafræði og textílfraeði, auk fornleifafræði, þjóðháttafræði og listiðnaðarsögu. Bókasafnið heldur uppi ritaskiptastarfsemi við um 150 skiptaaðila víðsvegar um heiminn, og eru þau rit sem þannig fást stór hluti af aðföngum safnsins. Rafrænt efni safnsins fer sífellt vaxandi og er gert aðgengilegt á heimasíðu safnsins og víðar. Árið 2015 var stofnað rafrænt heimildasafn, hliðstætt við eldri gögn sem vistuð eru á pappír, þar sem m.a. verða vistuð rafræn gögn úr fornleifarannsóknum, sem skila ber til þjóðminjasafnsins skv. lögum. Áfram var haldið vinnu við rafrænt heimildasafn.

Samstarf við Háskóla Íslands - Háskólakennsla

Þjóðminjasafn Íslands tók þátt í kennslu í vettvangsnámskeiði í fornleifafræði (FOR406G) við Háskóla Íslands. Námskeiðið var haldið hjá Nesi við Seltjörn, dagana 11. maí til 3. júní. Rannsókn var haldið áfram á rústum hjáleigunnar Nýjabæjar sem byrjað var að kanna vorið 2013. Eitt af markmiðunum er að kynna nemendum möguleika Sarps og hagkvæmni rafrænnar skráningar fornleifagagna, strax á vettvangi, til að auðvelda öll gagnaskil síðar.

Í tengslum við námskeið í forvörslu voru forverðir safnsins með erindi um forvörslu og frágang og umhirðu gripa. Fornleifafræðinemar fóru í vettvangsferð Vesturvör og unnu verkefni í námskeiði um forvörslu.

Á haustönn voru safnkennarar í samstarfi við námsbraut í safnafræði við Háskóla Íslands um fræðslu fyrir nemendur á námskeiðinu Söfn sem námsvettvangur (SAF016F). Unnin voru safnfræðsluverkefni út frá sýningu sem var í undirbúningi í Bogasal: Ísland í heiminum, heimurinn í Íslandi.

Starfsnám háskólanema

Starfsnám er mikilvægur þáttur í starfsemi Þjóðminjasafnsins og býður safnið nemendum í ýmsum fræðigreinum hagnýta starfsþjálfun í tengslum við starfsemi sína. BA nemandi í fornleifafræði var í starfsnámi við úrvinnslu Bessastaðarannsóknarinnar, en verkefnið sneri einkum að skönnun og grunnskráningu ljósmynda og uppgraftarteikninga og myndvinnslu gripateikninga. Safnkennarar fengu tvo 10. bekkina í starfsfræðslu, hálfan dag hvorn. Safnakennarinn Maiu Tusku frá Finnlandi var hluta úr marsmánuði með safnkennurum við störf og tók að sér ýmis verkefni tengd safnfræðslunni.

Sýningar 2016

Bogasalur og Torg

- **Hvað er svona merkilegt við það /** 19.6.2015–31.8.2016. *Bogasalur*.
Sýningin var sett upp til að minnast þess að árið 2015 var öld liðin frá því að íslenskar konur fengu kosningarétt og kjörgengi til Alþingis. Á sýningunni var dregin upp mynd af störfum íslenskra kvenna og baráttu þeirra fyrir réttindum sínum í hundrað ár.
- **Ísland í heiminum, heimurinn í Íslandi /** 24.11.2016–31.12.2017. *Bogasalur*.
Umfjöllunarefnið var hreyfanleiki fólks og hugmynda til og frá Íslandi fyrr og síðar. Höfundar voru mannfræðingarnir dr. Kristín Loftsdóttir og dr. Unnur Dís Skaptadóttir prófessorar við Háskóla Íslands og var sýningin gerð í samvinnu Þjóðminjasafnsins og Háskóla Íslands.
- **Bláklædda konan – Ný rannsókn á fornu kumli /** 23.5.2015–31.3.2017. *Horn*.
Sýning sem byggir á nýjum rannsóknum vísindamanna á beinum og gripum landnámskonu sem fannst árið 1938 í gröf á Austurlandi. Rannsóknirnar gefa okkur svör um aldur konunnar, hvaðan hún kom og gefa vísbendingar um útlit hennar og klæðaburð. Sýningarhöfundar voru Freyja Hlíðkvist Ómarsdóttir, Joe W. Walser III, Julia Tubman og Michèle Hayeur Smith. Sýningin stóð allt árið.
- **Norðrið í norðrinu /** 16.1.–31.9.2016. *Forsalur á 3.h*.
Farandsýning gerð af Íris Ólöfu Sigurjónsdóttur, forstöðumanni byggðasafnsins Hvols á Dalvík. Sýningin fjallaði hún um mannlíf og menningu í bænum Ittoqqortoormiit með ljósmyndum og munum frá þessum 500 manna bæ á Grænlandi.
- **Rauði þráðurinn /** 5.2.–31.3.2016. *Torgið*.
Á Safnanótt var sett upp ljósmyndasýning á Torgi í tengslum við *Rauða þráðinn*, sem var merkt leið í gegnum grunnsýningu safnsins og fjallaði um fólksflutninga til og frá Íslandi á mismunandi tímabilum sögunnar. Sýningin var unnin út frá munum grunnsýningarinnar og ljósmyndum úr Ljósmyndasafni Íslands.
- **Norrænir galdrastafir /** 30.4.–17.5.2016. *Torgið*.
Á sýningunni voru skartgripir íslenska hönnuðarins Hendrikku Waage.
- **Skyggni ágætt /** 20.8.–15.9.2016. *Torgið*.
Á menningarnótt var sett upp lítil sýning á Torgi sem kallaðist á við sýningu Kristínar Bogadóttur. Á vegg Torgs voru límd upp ýmis veðurorð og á gólfi stóðu tæki og önnur gögn frá Veðurstofu Íslands sem notuð eru til að mæla veðrið eða lýsa því á veðurstöðvum víðsvegar um landið.
- **Boltinn heim /** 16.7.–31.7.2016. *Torgið*.
Eftir miðjan júlí var knöttur úr viðureign karlalandsliðsins í fótbolta gegn landsliði Englands á Evrópumeistaramótinu í knattspyrnu 2016 hafður til sýnis tímabundið, fyrst í Þjóðminjasafninu og svo í Safnahúsinu við Hverfisgötu. Knötturinn var afhentur Þjóðminjasafninu til varðveislu um ókomna tíð.
- **Myndir tala /** 16.10.–31.10.2016. *Torgið*.
Um miðjan október var opnuð sýning á Torgi á ljósmyndum eftir Eggert Þór Bernharðsson undir yfirskriftinni *Myndir tala*. Sýningin var sett upp í tengslum við minningarþing sem haldið var um Eggert í fyrirlestrarsal.
- **Dr. Kristján Eldjárn /** 6.12.–31.12.2016. *Torgið*.
Á Torgi safnhússins var lítil sýning til minningar um dr. Kristján Eldjárn, fyrrum forseta Íslands og þjóðminjavörð. Sýningin var sett upp í tengslum við hátíðardagskrá í tilefni af 100 árum frá fæðingu hans.

Myndasalur og Veggur

- **Andvari /** 16.1.–28.2.2016. *Myndasalur*
Sýning svarthvítra landslagsmynda frá Íslandi eftir samtímaljósmyndarana Kristínu Hauksdóttur, Lilju Birgisdóttur, Daniel Reuter, Claudiu Hausfeld og Joakim Eskildsen. Jafnframt voru sýndar ljósmyndir eftir

Sigurð Tómasson og Arngrím Ólafsson úr safneign Ljósmyndasafns Íslands í Þjóðminjasafni. Katrín Elvarsdóttir var sýningarhöfundur og var sýningin sett upp í tengslum við Ljósmyndahátíð Íslands.

- **Vinnandi fólk- ASÍ í 100 ár / 5.3.–22.5.2016. Myndasalur**
Þann 5. mars tók við ný sýning á Vegg og í Myndasal sem var sett upp í tilefni af 100 árum frá stofnun Alþýðusambands Íslands. Ljósmyndir, skjöl og kvikmyndir á sýningunni voru úr Ljósmyndasafni Íslands í Þjóðminjasafni en auk þess frá Minjasafninu á Akureyri, Ljósmyndasafni Reykjavíkur, Kvikmyndasafni Íslands, Þjóðskjalasafni Íslands, Ljósmyndasafni Siglufjarðar, Ljósmyndasafninu á Ísafirði og Ljósmyndasafni Vestmannaeyja. Sýningin byggði á Sögu Alþýðusambands Íslands eftir Sumarliða Ísleifsson sagnfræðing, en hann var jafnframt höfundur sýningatexta. Sýningarstjóri var Sigurlaug Jóna Hannesdóttir.
- **Með kveðju / 28.5.–18.9.2016. Myndasalur**
Sumarsýningin í Myndasal varpaði ljósi á myndheim íslenskra póstkorta. Póstkortin voru flest úr safneign Þjóðminjasafnsins og tóku til árabilsins frá 1898 og allt til samtímans. Í samstarfi við Póstinn var gestum boðið að setjast við póstkortasmíðju og skrifa kveðju á gefins póstkort úr fórum Póstsins eða Þjóðminjasafnsins og senda á áfangastað með frímerki sem Pósturinn lagði til. Pósturinn lagði einnig til póstkassa sem staðsettur var við smíðjuna á meðan á sýningunni stóð. Börn gátu skreytt framhlið á auðu póstkorti og þannig sent sitt eigið póstkort. Sýningin var opnuð 28. maí og stóð fram í september. Sýningarhöfundar voru Inga Lára Baldvinsdóttir, Ívar Brynjólfsson og Kristín Halla Baldvinsdóttir.
- **Portrett Kaldals / 24.9.–5.2.2017. Myndasalur og Veggur**
Í september voru opnaðar nýjar sýningar í Myndasal og á Vegg og stóðu þær fram yfir áramót. Á árinu voru 120 ár frá fæðingu Jóns Kaldals og var þess minnst með tveimur sýningum á ljósmyndum hans í Þjóðminjasafninu. Önnur sýningin, *Portrett Kaldals* í Myndasal, var helguð sígildum portrettmyndum hans, sem fyrst voru sýndar árið 1966 og aftur árið 1996. Sýningarhöfundur var ljósmyndarinn sjálfur, en myndirnar eru þær sömu og sýndar voru í Casa Nova árið 1966. Hin sýningin, *Kaldal í tíma og rúmi* á Vegg, var með úrvali ljósmynda sem teknar voru innandyrja; á heimilum fólks, í heimavistarskólum eða á vinnustöðum á rúmum áratug frá 1926 til 1938. Sýningarhöfundar voru Inga Lára Baldvinsdóttir og Ívar Brynjólfsson.
- **Sjálfstæðar mæður / 16.1.–28.2.2016. Veggur.**
Kanadíski ljósmyndarinn Annie Ling sýndi myndir sínar af íslenskum mæðrum.
- **Dálíttill sjór / 28.5.–18.9.2016. Veggur.**
Sumarsýningin á Vegg var hluti af lokaverkefni Kristínar Bogadóttur ljósmyndara *Um fagurfræði hversdagsleikans og dálíttinn sjó* sem hún vann við listkennsludeild Listaháskóla Íslands. Sýningarhlutinn kallaðist *Dálíttill sjór* og samanstóð af ljósmyndum teknum við mannaðar veðurathugunarstöðvar við sjó ásamt veðurlýsingu á sjólagi sama dag og myndin var tekin.

Safnahúsið við Hverfisgötu

- **Hönnunarmars / 10.3–13.3.2016.**
Í Safnahúsinu við Hverfisgötu voru settar upp fjórar sýningar hönnuða: *Primitiva* - safn verndargripa, *Keramikhönnun á frímerkjum*, *Innri garður - Mannlegir innviðir* og *Þýðingar*.
- **Styrkumsóknir Benedikts Gröndal til Alþingis / 20.4.2016–20.4.2017**
Ný kjörgripasýning í Safnahúsinu var opnuð og að þessu sinni komu kjörgripirnir frá Þjóðskjalasafni Íslands sem setti fram skrautskrifaðar og myndskreyttar styrkumsóknir Benedikts Gröndal til Alþingis.
- **Geirfugl † pinguinus impennis, aldauði tegundar – síðustu sýnin / 16.6.2016–16.6.2017**
Ný sérsýning var opnuð í rými á 3. hæð Safnahússins. Sýningin var samstarfsverkefni Ólafar Nordal, myndlistarkonu og Náttúruminjasafns Íslands í samvinnu við Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn og Náttúrufræðistofnun Íslands. Á sýningunni var uppstoppaðaður geirfugl sem keyptur var 1971, uppdráttur af Geirfuglaskeri frá því um 1770 sem sýnir veiðar á geirfugli og fleiri svartfuglum og nýtt verk eftir Ólöfu Nordal: Ellefu ljósmyndir af líffærum og innyflum síðustu geirfuglanna tveggja eins og þau eru varðveitt í

Náttúrufræðisafni Danmerkur. Lesa má frásögn af drápi síðustu geirfuglanna í Eldey og horfa á myndskleið sem sýnir veiðar á fugli í Vestmannaeyjum.

- **Jólatré / 27.11.2016–6.1.2017**
Jólasýning var sett upp upp í lestrarsal Safnahússins fyrir aðventuna á jólatrjám úr safneign Þjóðminjasafnsins.

Nesstofa á Seltjarnarnesi

- **Brjóstdropar / 3.6.–1.9.2016**
Sumarsýning í Nesstofu var samsýning átta listakvenna: Önnu Jóa, Bryndísar Jónsdóttur, Guðbjargar Lindar Jónsdóttur, Hildar Margrétardóttur, Hlifar Ásgrímsdóttur, Kristínar Geirsdóttur, Kristínar Jónsdóttur frá Munkaþverá og Ólafar Oddgeirsdóttur. Seltjarnarnesbær var í samstarfi við safnið og sá um gæslu um sumarið.

Viðburðir 2016

Þjóðminjasafnið átti í samstarfi við ýmis félög, auk stofnana við Háskóla Íslands, sem stóðu að fyrirlestraröðum sem fóru fram í húsnæði safnsins við Suðurgötu og í Safnahúsinu við Hverfisgötu. Þetta voru, helst að nefna, Sagnfræðingafélagið, RIKK - Rannsóknir í kvenna og kynjafræðum, Félag fornleifafræðinga, Félag þjóðfræðinga, FÍSOS - Félag íslenskra safna og safnmanna, MARK - miðstöð margbreytileika- og kynjarannsókna, Vísindafélag Íslendinga og Listfræðafélag Íslands. Fyrirlestrar Þjóðminjasafns Íslands voru haldnir annan hvern þriðjudag yfir vetrartímann og fjölluðu gjarnan um efni tengt yfirstandandi sýningum eða rannsóknum starfsmanna.

Í tengslum við Ljósmyndahátíð Íslands var haldinn fyrirlestur 14. janúar en það var Holly Roussel Perret-Gentil, sýningarstjóri hjá Musée de l'Elysée safninu í Lausanne, Sviss, sem talaði.

Úthlutun úr verðlaunasjóði Ásu Wright fór fram í fyrirlestrasal Þjóðminjasafnsins þann 28. desember. Guðrún Larsen, jarðfræðingur og vísindamaður emerita við Jarðvísindastofnun Háskólans, veitti verðlaununum viðtöku að viðstöddum forseta Íslands, stjórn Vísindafélags Íslendinga, þjóðminjaverði og fulltrúum fræðasamfélagsins.

Nokkur útgáfuhóf fóru fram í Myndasal. Þar ber helst að nefna hóf 1. desember í tilefni útgáfu ritsins *Þjóðminjar* eftir Margréti Hallgrímsdóttur, þjóðminjavörð, og í tilefni útgáfu bókar með portrettmyndum eftir Jón Kaldal en myndirnar voru sýndar í Myndasal. Lestrarsalur Safnahússins var einnig vinsæll fyrir útgáfuhóf á árinu.

Svokallaðir viðburðardagar voru haldnir á árinu, þ.e. dagar þegar fólki er boðið að koma í safnið endurgjaldslaust og njóta dagskrár. Þetta er á Safnanótt í febrúar, Barnamenningarhátíð í apríl, Menningarnótt í ágúst og aðventudagskrá í desember.

- **Málþing um sýningahönnun**
Haldið í tengslum við Hönnunarmars 12. mars.
- **Vorfundur Þjóðminjasafns Íslands**
Haldinn 2. maí 2016. Þema fundarins var *Í deiglunni* og var boðið upp á fjölbreytt erindi. Um 64 safnmenn víðsvegar af landinu tóku þátt.
- **Fræðamót haldið 2. desember 2016 í samstarfi Þjóðminjasafns Íslands og Háskóla Íslands**
Efnt var til fyrsta sameiginlega málþingsins, svokallaðs Fræðamóts, undir yfirskriftinni Hvernig fjölmenningsamfélag erum við? Fyrirlesarar komu úr ýmsum áttum, hugvísindum, félagsvísindum og menntavísindum, auk safnageirans.
- **Málþing í minningu dr. Kristjáns Eldjárn**
Þjóðminjasafn Íslands, Félag fornleifafræðinga og fjölskylda Kristjáns stóðu að hátíðardagskrá sem haldin var þann 6. desember 2016 í tilefni þess að 100 ár voru liðin frá fæðingu Kristjáns.
- **Ráðstefna á Hólum í Hjaltadal: Hvernig metum við hið ómetanlega?**

Ráðstefna Guðbrandsstofnunar um menningu og gildi hennar í samstarfi við Bandalag Íslenskra listamanna, Listaháskóla Íslands, Þjóðminjasafnið og Íslensku- og menningardeild Háskóla Íslands þann 31. mars-1. apríl 2016.

- **Safnanótt 2016**

Föstudagskvöldið 5. febrúar var Safnanótt frá kl. 19 til 24. Þá var bryddað upp á ýmsum viðburðum. Á grunnsýningu og Torgi voru gestir leiddir eftir rauðum þræði sem dró fram hreyfanleika fólks í gegnum aldirnar. Þráðurinn endaði á Torgi þar sem var sýning á ljósmyndum af hópum flóttafólks sem komið hafa til Íslands og af Vesturförum sem héðan fóru. Einnig voru á dagskránni leiðsögn um ljósmyndasýningar og fyrirlestur á vegum MARK, miðstöðvar margbreytileika- og kynjarannsókna. Í Safnahúsinu voru tvennir tónleikar; nemendur Tónlistaskóla Reykjavíkur léku fyrri hluta kvölds og hljómsveitin og fjöllistasveitin Hundur í óskilum tróð upp seinna um kvöldið. Í Þjóðminjasafnið komu um 800 manns en um 900 í Safnahúsið.

- **Barnamenningarhátíð 2016**

Á Barnamenningarhátíð var sett upp sýning í Safnahúsinu á skálum sem börn í 4. og 5. bekk Ingunnarskóla unnu undir handleiðslu Ásdísar Kalman, listgreinakennara. Titill sýningarinnar var *Auðigur þóttumst er eg annan fann* sem er vísun í Hávamál og minnir á mikilvægi vináttu og gestrisni.

- **Meningarnótt 2016**

Í Þjóðminjasafninu voru fjölbreyttar leiðsagnir og listamannaspjall. Húlladúllan stjórnaði húlladansi af list úti á stétt. Norræn vísnaög voru flutt af tveimur ungum konum sem spiluðu á hljóðfæri og sungu og sögðu frá. Þetta voru þær Vigdís Hafliðadóttir og Þorgerður Ása Aðalsteinsdóttir. Ari Eldjárn uppstandari tróð upp um kvöldið og fyllti húsið af þakklátum aðdáendum sínum. Í Safnahúsinu voru tónleikar á vegum Kaffitárs í sólinni á lóðinni fyrir framan húsið. Leiðsagnir voru bæði á íslensku og ensku ásamt listamannaspjalli um sérsýningu ársins um geirfuglinn. Fjölskyldum var boðið upp á grímugerð út frá efni sérsýningarinnar yfir miðjan daginn. Fjöldi gesta á menningarnótt í Safnahúsið var 2.671 sem er nokkuð meira en árið á undan og í Þjóðminjasafnið tæplega 1.400 sem er meira en tvöföldun frá undanförunum árum.

- **Aðventudagskrá 2016**

Aðventudagskráin hófst með jólaskemmtun í Þjóðminjasafninu 6. desember þar sem Grýla, Leppalúði og Salka Sól söngkona skemmtu börnum. Fyrsti jólasveinninn birtist svo að venju að morgni 12. desember og síðan kom einn af öðrum til aðfangadags, en jólasveinarnir eru á vegum Möguleikhússins. Jólasveinunum til aðstoðar var Guðni Fransson, sem hefur leitt jólasveinaskemmtanirnar í fjölmörg ár. Terry Gunnell flutti fyrirlestur á ensku um íslensku jólasveinana þann 17. desember. Aðsókn var að venju mjög góð, en alls sóttu um 3.500 gestir aðventudagskrána.

- **Áttu forngrip?**

Liður í því að auka aðgengi almennings að sérfræðingum safnsins eru svokallaðir greiningardagar, þegar fólki er boðið að koma í safnið með gamla gripi úr einkaeigu og fá upplýsingar um aldur þeirra og uppruna. Ekki er gert verðmat á hlutunum, enda samræmist það ekki siðareglum safnmanna. Greiningardagur var haldinn 1. mars og hann sóttu um 40-50 manns.

- **Sverð frá Ytri Ásum**

Í kjölfar fundar á víkingaaldarsverði og fleiri smærri gripa í landi Ytri Ása í september, voru gripirnir sýndir almenningi í fyrirlestrasal safnsins sunnudaginn 9. október. Sérfræðingar Þjóðminjasafns Íslands, sérfræðingur Minjastofnunar Íslands og finnendur sverðsins voru á staðnum til þess að svara spurningum.

Fyrirlestrar 2016

Hádegisfyrirlestrar Þjóðminjasafns Íslands

- Katrín Elvarsdóttir: Um tilurð ljósmyndasýningarinnar *Andvari*.
- Íris Ólöf Sigurjónsdóttir: Farandsýningin *Norðrið í norðrinu*.
- Snorri Freyr Hilmarsson: Hönnun sýningarinnar *Bláklædda konan*.
- Sumarliði Ísleifsson: Staða kvenna innan ASÍ. (Í tengslum við sýninguna *Vinnandi fólk* sem sett var upp í tilefni 100 ára afmælis ASÍ).
- Anna Lía Rúnarsdóttir: *Í leit að sanngildi í húsasafni Þjóðminjasafnsins*.
- Þorbjörg B. Gunnarsdóttir: *Sýningagerð og hlutverk sýninga í safnastarfi*.
- Auður Styrkásdóttir: *Feðraveldið lagt að velli*. Kvennabarátta í rúma öld.
- Einar Falur Ingólfsson: *Hann kann þann galdur. Jón Kaldal 1896–1981*.
- Guðmundur Ólafsson: *Rannsókn á miðaldabæ í Vestribyggð á Grænlandi*.
- Guðmundur Lúther Hafsteinsson: *Tjarnarvellir. Nýtt varðveislu- og rannsóknarsetur*.
- Ármann Guðmundsson: *Stöðutákn og skaðræðistól. Víkingaaldarsverð á Íslandi*.
- Árni Daníel Júlíusson: *Fornir tímar á heimaslóð Kristjáns Eldjárns: Svarfdælskar miðaldir*.

Aðrir sérfræðifyrirlestrar Þjóðminjasafns

- Guðmundur Ólafsson. *Rannsóknin á Bænum undir sandinum*. Hádegisfundur Félags fornleifafræðinga.
- Guðmundur Ólafsson. *Eiríksstaðir í Haukadal, og landnám á Grænlandi*. Haldinn á ensku í fyrirlestrasal Þjóðminjasafnsins.
- Steinunn Kristjánsdóttir. Ágúst/september: *The Bubonic Plague and Monasticism in Iceland*. 22. Ráðstefna Evrópusamtaka fornleifafræðinga, EAA, í Vilnius, Litháen, 31. ágúst – 4. september 2016.
- Steinunn Kristjánsdóttir. Júní: *Getting better? Health and Science at Skriðuklaustur Monastery and Hospital, Iceland*. Fyrirlestur á ráðstefnunni: *Travelling Wisdom: Science in the Religious Orders*, í Syddansk Universitet, Odense, 2.–3. júní, 2016.
- Steinunn Kristjánsdóttir. Febrúar: *Anhorites and hermites in Medieval Iceland*. Háskólinn í Durham (boðsfyrirlestur).
- Steinunn Kristjánsdóttir. Janúar: *Svartidauði og klaustrin*. Fyrirlestraröð Félags fornleifafræðinga, námsbrautar í fornleifafræði og Þjóðminjasafns Íslands. Haldin í Þjóðminjasafni.
- Steinunn Kristjánsdóttir. Apríl: *Gull, silfur og fleiri góðmálmar. Fréttir af klausturrannsóknum*. Fyrirlestur í tilefni af sumaropnun Gunnarsstofnunar, Skriðuklaustri.
- Steinunn Kristjánsdóttir. Apríl: *Landnámskona frá Litlu-Ketilsstöðum á Héraði*. Opin málstofa um málefni fornminja Austurlands. Háskólasetrið á Egilsstöðum og Söguslóða Austurlands.
- Nathalie Jacqueminet. Október. *Varðveisla safngripa*. Erindi fyrir Safnaþing, safnaklasi í Þingeyjarsýslum, Húsavík.

Útgáfa Þjóðminjasafnsins

Rit

Árni Daníel Júlíusson. (2016). *Miðaldir í Skuggsjá Svarfaðardals*. Rit Þjóðminjasafns Íslands 43. Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands og Forlagið.

Guðrún Sveinbjarnardóttir. (2016). *Reykholt, the Church Excavations*. Rit Þjóðminjasafns Íslands 41. Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands og Háskólaútgáfan.

Kristín Loftsdóttir, Unnur Dís Skaptadóttir og Anna Lía Rúnarsdóttir. (2016). *Ísland í heiminum, heimurinn í Íslandi*. Rit Þjóðminjasafns Íslands 44. Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands.

Margrét Hallgrímsdóttir. (2016). *Þjóðminjar*. Rit Þjóðminjasafns Íslands 42. Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands og Crymogea.

Sumarliði Ísleifsson. (2016). *Vinnandi fólk. Alþýðusamband Íslands 100 ára*. Rit Þjóðminjasafns Íslands 40. Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands.

Greinar

Anna Lía Rúnarsdóttir. (2016). Við erum öll útlendingar einhversstaðar. Í Kristín Loftsdóttir, Unnur Dís Skaptadóttir og Anna Lía Rúnarsdóttir (ritstj.) *Ísland í heiminum, heimurinn í Íslandi*. Rit Þjóðminjasafns Íslands 44. Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands.

Guðmundur Ólafsson og Svend Erik Albrehtsen. 2016. Building Phases at GUS and the Myth about the Greenlandic Centralised Farm. Í *Shetland and the Viking World. Papers from the Seventeenth Viking Congress, Lerwick*. Bls. 105-112. Val E. Turner, Olwyn A. Owen og Doreen J. Waugh (ritstj.). Shetland: Shetland Heritage Publications (Lerwick).

Guðmundur Ólafsson. 2016. Beinafundur hjá Árhóli og kumlin á Dalvík. Í *Árbók hins íslenska fornleifafélags 2015*. Ritstj. Birna Lárusdóttir. Reykjavík.

Steinunn Kristjánsdóttir (2016). Lost Paths. Climate Changes and the Forgotten Route to Skriðuklaustur Monastery, Eastern Iceland. *Anthropos* 111.2016/1, bls. 1–8.

Steinunn Kristjánsdóttir (2016). Alternative histories on the making of early Christian Landscape of Iceland. Í Sam Turner og Tomás Ó Carragáin (ritstj.), *Making Christian Landscapes in Atlantic Europe*, bls. 441–454. Cork: University College Cork og Newcastle University.

Steinunn Kristjánsdóttir. Í fótspor Justins Bieber (2016, 1. febrúar). Hugarás. <http://hugas.is/2016/02/fotspor-justins-bieber/>

Steinunn Kristjánsdóttir. „Öll þessi andlit í Drekkingarhyl“ (2016, 27. febrúar). Hugarás. <http://hugas.is/2016/02/oll-thessi-andlit-i-drekkingarhyl/> Einnig birt í Fréttablaðinu.

Steinunn Kristjánsdóttir. Grafreitir og samfélagsleg mörk (2016, 9. apríl). Hugarás. <http://hugas.is/2016/04/grafreitir-og-samfelagsleg-mork/> Einnig birt í Fréttablaðinu.

Steinunn Kristjánsdóttir. Bræðralag víkinga (2016, 23. apríl). Hugarás. <http://hugas.is/2016/04/braedralag-vikinga/>

Gripur mánaðarins og ljósmynd mánaðarins

Í hverjum mánuði voru birtar greinar á vefsíðu safnsins eftir starfsmenn safnsins undir yfirskriftinni gripur mánaðarins og ljósmynd mánaðarins.

Gripur mánaðarins

Maí. Kristín Halla Baldvinsdóttir. Loftskip.

Júní. Már Einarsson. Auglýsing um kosningahátíð. Forsetakosningar 1968.

Júlí. Zuzana Stankovítsová. Dómsdagsfjalir frá Bjarnastaðahlíð.

Ágúst. Jóhanna Bergmann. Kuml á sýningu Þjóðminjasafnsins.

September. Gróa Finnsdóttir. Svipur.

Október. Ragnheiður Jósúadóttir. Passíusálmar úr Bjarneyjum frá 1778.

Nóvember. Lilja Árnadóttir. Mannbroddar.

Desember. Gróa Finnsdóttir. Púkkborð.

Ljósmynd mánaðarins

Janúar. Inga Lára Baldvinsdóttir. Einar er umkringdar fólki.

Febrúar. Kristín Halla Baldvinsdóttir. Vandað sig við að sauma.

Mars. Guðrún Harðardóttir. Einföld form með skýrri myndbyggingu.

Apríl. Inga Lára Baldvinsdóttir. Ljósmyndir á ferð milli landa.

Maí. Sigurlaug Jóna Hannesdóttir. Bílaleikur í Blesugróf.

Júní. Guðrún Harðardóttir. Kári Sturluson: Lausaganga ferðamanna í Reykjavík.

Júlí. Kristín Halla Baldvinsdóttir. Panoramapóstkort.

Ágúst. Inga Lára Baldvinsdóttir. Ólík sýn á jólin.

September. Sigurlaug Jóna Hannesdóttir. Minning úr kartöflugarði.

Október. Guðrún Harðardóttir. Jón Kaldal - Litli ljósmyndaklúbburinn.

Nóvember. Markús Örn Antonsson. Háalvarleikinn uppmálaður.

Desember. Kristín Halla Baldvinsdóttir. Tvítökur Kaldals.

Skýrslur

Ársskýrsla 2015. Skýrslur Þjóðminjasafns Íslands 2016/1. Umsjón Bryndís Sverrisdóttir, Ólöf Breiðfjörð og Helga Vollertsen.

Guðmundur Ólafsson. 2016. Forn garður í landi Móeiðarhvals. *Rannsóknaskýrslur fornleifadeildar 1986/10* Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands.

Guðmundur Ólafsson. 2016. Beinafundur á Dalvík. *Rannsóknaskýrslur fornleifadeildar 1991/2* Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands.

Guðmundur Ólafsson. 2016. Dagbókarfærslur frá Grænlandi. *Rannsóknaskýrslur fornleifadeildar 1992/6* Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands.

Guðmundur Ólafsson. 2016. Búrhellir fundinn á Eystri Gaddstöðum. Rannsókn 25. ágúst. *Rannsóknaskýrslur fornleifadeildar 1992/10* Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands.

Guðmundur Ólafsson, Kristinn Magnússon. 2016. Þvergarður. Forn landamerkjagarður á Seltjarnarnesi. *Rannsóknaskýrslur fornleifadeildar 1992/13*. Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands.

Guðmundur Ólafsson. 2016. Rannsókn á Bessastöðum 1993. Dagbókarfærslur frá 4. febrúar.-1. nóvember Drög. *Rannsóknaskýrslur fornleifadeildar 1993/7* Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands.

Guðmundur Ólafsson. 2016. Eftirlitsferð að sjóvarnargarði á Álftanesi. *Rannsóknaskýrslur fornleifadeildar 1996/20* Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands.

Guðmundur Ólafsson. 2016. Verstöð á Arnarstapa í Tálknafirði. Viðgerð á gömlum sjóbúðum. *Rannsóknaskýrslur fornleifadeildar 1998/6* Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands.

Guðmundur Ólafsson og Sigurður Bergsteinsson. 2016. Bessastaðarannsókn III 1989-1992. Uppgraftarsvæði 16-31 - Drög. *Skýrslur Þjóðminjasafns Íslands* Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands.

Hermann Jakob Hjartarson og Steinunn Kristjánsdóttir (2016). Jarðgöng frá fornri tíð á Íslandi. Skýrsla um jarðgöng á klausturstöðum, biskupssetrum og höfðuðbólum á miðöldum [Skýrsla]. Aðgengileg á https://notendur.hi.is/~sjk/JAR_HER.pdf

Vala Gunnarsdóttir og Steinunn Kristjánsdóttir (2016). Varðveittir gripir úr íslenskum miðaldaklaustrum. Vettvangsskýrsla XVIII. [Skýrsla]. Aðgengileg á https://notendur.hi.is/~sjk/GRIP_2016.pdf

Steinunn Kristjánsdóttir, Vala Gunnarsdóttir og Helga Jónsdóttir (2016). Kortlagning klaustra á Íslandi: Helgafell. Vettvangsskýrsla XIX. [Skýrsla]. Aðgengileg á https://notendur.hi.is/~sjk/HELG_2016.pdf

Steinunn Kristjánsdóttir, Vala Gunnarsdóttir og Helga Jónsdóttir (2016). Kortlagning klaustra á Íslandi: Keldur. Vettvangsskýrsla XVII. [Skýrsla]. Aðgengileg á https://notendur.hi.is/~sjk/KEL_2016.pdf

Steinunn Kristjánsdóttir, Vala Gunnarsdóttir og Helga Jónsdóttir (2016). Kortlagning klaustra á Íslandi: Munkaþverá. Vettvangsskýrsla XVI. [Skýrsla]. Aðgengileg á https://notendur.hi.is/~sjk/MUNK_2016.pdf

Steinunn Kristjánsdóttir, Vala Gunnarsdóttir og Helga Jónsdóttir (2016). Kortlagning klaustra á Íslandi: Möðruvellir. Vettvangsskýrsla XX. [Skýrsla]. Aðgengileg á https://notendur.hi.is/~sjk/MOD_2016.pdf

Steinunn Kristjánsdóttir, Vala Gunnarsdóttir og Helga Jónsdóttir (2016). Kortlagning klaustra á Íslandi: Þingeyrar. Vettvangsskýrsla XV. [Skýrsla]. Aðgengileg á https://notendur.hi.is/~sjk/THING_2016.pdf

Steinunn Kristjánsdóttir og Vala Gunnarsdóttir (2016). Kortlagning klaustra á Íslandi. Greinargerð um niðurstöður kolefnisaldursgreiningar I. Vettvangsskýrsla XXI. [Skýrsla]. Aðgengileg á https://notendur.hi.is/~sjk/KOL_I.pdf

English summary

Annual report 2016

The National Museum of Iceland operates according to the National Museum's Act no. 140/2011, the Museum Act no. 141/2011 and the Cultural Heritage Act no. 80/2012. It fulfills the role of central museum of cultural heritage and assumes leadership in the sector. The Museum aims to augment and communicate knowledge of cultural heritage and the history of the Icelandic nation. It operates as a scientific and service institution in the field of cultural heritage on a national scale, promotes conservation and knowledge of the cultural heritage of the nation from the settlement to the present time and carries out public programs with exhibitions and cultural events.

The National Museum's operation in the year 2016 was successful in general with a good progression of projects. A new organizational chart took effect, reflecting legislative changes from 2013 and a broader role following the opening of the Culture House in 2015 and collaboration with the University of Iceland. A major milestone was the acquisition of new storage and research facilities at Tjarnarvellir 11 in Hafnarfjörður. Important advances were also made in conservation and research of photographs in the Icelandic Museum of Photography, within the National Museum of Iceland, as well as for restoration of the listed buildings in the Historic Buildings Collection.

Diverse research projects were completed and communicated in exhibitions or publications by the Museum. In accordance with the Museum's publication policy, catalogues were published in relation to the various photographic exhibitions. The book *Iceland in the World, the World in Iceland* was published as part of an exhibition in the Arc Hall and aims to reflect on transnational relationships, mobility of people and ideas through time. The project was carried out in collaboration with the University of Iceland. An important monograph in English, *Reykholt – the Church Excavations*, by dr. Guðrún Sveinbjarnardóttir, was published in collaboration with Snorrastofa. On the centenary of dr. Kristján Eldjárn, the book *Miðaldir í skuggsjá Svarfaðardals* was published, the result of dr. Árni Daníel Júlíusson's fellowship at the Museum. Also published was the book *Þjóðminjar*, on the National Museum's collection and history, by Margrét Hallgrímsdóttir, in collaboration with Crymogea publishing.

Several temporary exhibitions are opened at the National Museum every year, the biggest ones in Bogasalur (Arc Hall) and Myndasalur (Gallery of Photography). In the year 2016 the National Museum of Iceland offered over twenty exhibitions, along with the ongoing maintenance of the permanent exhibition. In the Photo Gallery the Museum participated in the Icelandic Photo Festival with an exhibition of contemporary photographers called *Breeze*. An exhibition was set up for the occasion of the centenary of the Icelandic Confederation of Labour. In the Arch Hall the exhibition *Iceland in the World, the World in Iceland* was opened. Number of visitors increased and the exhibitions were well received. The new permanent exhibition in the Culture House, *Points of View* (2015), was nominated for the Icelandic Museum's Awards.

Starfsfólk Þjóðminjasafns Íslands í árslok 2016

Margrét Hallgrímsdóttir, þjóðminjavörður

Fjármál og rekstur

Anna Guðný Ásgeirsdóttir, framkvæmdastjóri
Anna Einarisdóttir, sölufulltrúi í safnbúð
Arnrún Árnadóttir, ræstitæknir
Áslaug Heiður Cassata, sýningargæsla
Ásthildur Benediktsdóttir, ræstingarstjóri
Björk Eldjárn Kristjánsdóttir, sýningargæsla
Bryndís Freyja Petersen, sýningargæsla
Elizabeth M. Walgenbach, sýningargæsla
Erla María Kristmundsdóttir, umsjónarmaður skrifstofu
Eydís Björnsdóttir (í leyfi)
Fjóla Loftsdóttir, sýningargæsla
Giovanni Verri, sýningargæsla
Gréta Sigrún Pálsdóttir, sýningargæsla
Guðrún D. Garðarsdóttir (í leyfi)
Guðrún Helga Magnúsdóttir, ræstitæknir
Guðrún Jóhannsdóttir, vaktstjóri sýningargæslu í Þjóðminjasafni
Guðrún Kristín Eggertsdóttir, sýningargæsla
Gunnar Óli Dagmarson, sýningargæsla
Haukur Sævar Bessason, umsjónarmaður
Helga Hlín Stefánsdóttir, sölufulltrúi í safnbúð
Hildur Halldórsdóttir, starfsmannastjóri
Hildur Ploder Vigfúsdóttir, vaktstjóri sýningargæslu í Safnahúsinu
Ingibjörg S Haraldsdóttir, sýningargæsla
Íris Telma Ólafsdóttir, sölufulltrúi í safnbúð
Katrín Edwardsdóttir, sýningargæsla
Kristín Ferrell, sölufulltrúi í safnbúð
Matteo Tarsi, sýningargæsla
Matthías Rúnar Sigurðsson, sýningargæsla
Már Einarsson, skjalastjóri
Pálmi Pálmason, skráningarfulltrúi
Pétur Steinn Ásgeirsson, netstjóri
Ragnheiður Jósúadóttir, sýningargæsla
Ragnheiður Kristín Pálsdóttir, sýningargæsla
Sigurlaug Jóna Hannesdóttir, verkefnisstjóri Safnahússins
Stefán Andri Gunnarsson, vaktstjóri sýningargæslu í Safnahúsinu
Valgerður Birna Ólafsdóttir, verslunarstjóri safnbúða
Villimey K.M. Sigurbjörnsdóttir, sýningargæsla
Zuzana Stankovitsová, vaktstjóri sýningargæslu í Þjóðminjasafni
Þorgerður Ása Aðalsteinsdóttir, sýningargæsla

Miðlunarsvið

Ingunn Jónsdóttir, sviðsstjóri
Anna Leif Elíadóttir, safnkennari
Anna Rut Guðmundsdóttir, kynningarstjóri
Eva Kristín Dal, verkefnastjóri sýninga
Jóhanna Bergmann, safnkennari

Rannsóknir og þróun

Anna Lís Rúnarsdóttir, sviðsstjóri
Árni Daníel Júlíusson, rannsóknarstaða dr. Kristjáns Eldjárns
Gróa Finnsdóttir, sérfræðingur bóka- og heimildasafns
Guðmundur Ólafsson, fræðimaður
Nathalie Jacqueminet, varðveislustjóri
Þorvaldur Böðvarsson, skráningarstjóri

Húsasafn

Guðmundur Lúther Hafsteinsson, sviðsstjóri

Munasafn

Lilja Árnadóttir, sviðsstjóri
Ágúst Ó. Georgsson, sérfræðingur þjóðháttasafns
Ármann Guðmundsson, sérfræðingur
Freyja Hlíðkvist Ómarsdóttir, sérfræðingur
Helga Vollertsen, sérfræðingur
Joe W. Walser III, sérfræðingur
Sandra Sif Einarsdóttir, sérfræðingur í forvörslu
Sigríður Þorgeirsdóttir, sérfræðingur í forvörslu

Myndasafn

Inga Lára Baldvinsdóttir, sviðsstjóri
Guðrún Harðardóttir, sérfræðingur (í námsleyfi)
Ívar Brynjólfsson, ljósmyndari
Kristín Halla Baldvinsdóttir, sérfræðingur

Utan sviða

Steinunn Kristjánsdóttir, prófessor